



Ársskýrsla
2004



EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS

efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsemi og skipulag	4
<i>Starfsmenn embættis yfirdýralæknis</i>	4
<i>Skipurit</i>	5
<i>Helstu störf og hlutverk</i>	6
<i>Upplýsinga- og útgáfumál</i>	6
<i>Reglugerðir og nefndarstörf</i>	7
<i>Alþjóðasamstarf</i>	8
Matvælaöryggi	9
<i>Sláturhús á Íslandi 2004</i>	9
<i>Eftirlit með kjötframleiðslu</i>	9
<i>Eftirlit með mjólkurframleiðslu</i>	13
<i>Námskeið, verkefni og erlend samskipti</i>	13
Heilbrigði dýra	15
<i>Tilkynningar- og skráningarskyldir sjúkdómar</i>	15
<i>Rannsóknadeild dýrasjúkdóma</i>	19
<i>Skýrsla sóttvarnadýralæknis</i>	21
<i>Skýrslur sérgreinadýralækna</i>	25
<i>Alifuglar</i>	25
<i>Fiskar</i>	29
<i>Hross</i>	33
<i>Júgurheilbrigði</i>	36
<i>Loðdýr</i>	39
<i>Svín</i>	41
Dýravernd	46
Inn- og útflutningur	48
<i>Inn- og útflutningur lifandi dýra</i>	48
<i>Inn- og útflutningur búfjárafurða</i>	51
Fjármál	55

Útgefandi

Embætti yfirdýralæknis

Sölvhólsgötu 7

150 Reykjavík

Sími 545 9750

Fax 552 1160

Veffang: www.yfirdyralaeknir.is

Umsjón með útgáfu

Hrund Hólm

Prentun

Svansprent ehf.

Ársskýrslan er prentuð í 130 eintökum og er jafnframt birt á vef embættisins.

Heimilt er að birta efni úr ritinu enda skal jafnan getið heimildar.

inngangur

Starfsemin á árinu

Alls voru 417 mál skráð í málaskrá embættisins á árinu 2004 samanborið við 446 árið áður og 432 árið 2002. Eins og áður er þetta þó aðeins hluti af þeim málum sem starfsmenn á aðalskrifstofu eru að fást við. Ótalin eru þá öll þau mál sem starfsmenn embættisins á öðrum skrifstofum á höfuðborgarsvæðinu og út um land eru að fást við í sínum störfum. Enn hefur ekki fengist lausn á húsnæðisvanda stofnunarinnar, þrátt fyrir stöðugar óskir þar að lútandi. Engin sérstök tímafrek stórmál komu upp á árinu og því gafst meiri tími til að skoða innviði stofnunarinnar og var m.a. haldinn sérstakur fundur í janúar í þeim tilgangi.

Matvælaöryggi

Engin tilfelli af matarsýkingum, sem rekja mátti til dýraafurða, komu upp á árinu og er það athyglisverður árangur. Dýralæknar embættisins tóku tæplega 12.000 sýni vegna svínaslátrunar til rannsókna á salmonellu og um 38.400 sýni í alifuglaslátrun vegna salmonellu og 54.150 vegna kampýlóbakter.

Riðumál

Mikið átak var gert í riðumálum á árinu og alls fannst riða í kindum á átta bæjum, sem er með því mesta nú um árabíl. Alls voru tekin yfir 12.000 sýni vegna riðu og lokið var við að skoða um 9.600. Hluti sýnanna var sendur til Noregs í rannsókn með nýrri tækni sem lofar góðu við að uppgötva riðuveiki mun fyrr en ella. Að venju var öllu sauðfé fargað á þessum bæjum auk þess sem sauðfé og í sumum tilfellum geitfé var fargað á 26 bæjum vegna gruns um samgang eða vegna nálægðar við riðubæi. Á árinu 2003 fannst riða á fimm bæjum og fargað var auk þess á öðrum 29 bæjum. Alls hefur því verið fargað sauðfé á 68 bæjum á þessum árum og mikil vinna hefur farið í að ganga frá öllum málum í kjölfarið og í lok ársins var ekki búið að ljúka þeim öllum þar sem sum málanna reyndust mjög erfið úrlausnar.

Viðbragðsáætlanir

Mikil áhersla var lögð á að þróa áfram viðbragðsáætlanir embættisins við bráðum smitsjúkdómum. Haldið var í mars tveggja daga námskeið og æfing í viðbrögðum við gin- og klaufaveiki, þar sem fengnir voru erlendir sérfræðingar til skipulagningar og kennslu. Dýralæknir svínasjúkdóma tók þátt í æfingu vegna svínapestar í Danmörku og dýralæknir alifuglasjúkdóma tók þátt í æfingu vegna hæsnapestar í Ungverjalandi. Upplýsingar um viðbragðsáætlanir má finna á vefsíðu embættisins.

Dýraverndarmál

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þá er skipan dýraverndarmála hér á landi á hendi tveggja ráðuneyta og tveggja stofnana og um málaflokkinn gilda tvö lög. Yfirdýralæknir hefur um árabíl bent á nauðsyn þess að öll dýraverndarmál falli undir ein lög, eitt ráðuneyti og eina stofnun til að fyrirbyggja núverandi ástand, sem einkennist af skörun og skorti á skýrum heimildum. Á árinu fjölluðu ofangreindir aðilar á nokkrum fundum um þessi mál, en nauðsynlegar lagabreytingar voru ekki lagðar fram. Þrátt fyrir þessa stöðu mála reyna hlutaðeigandi aðilar að láta dýrin ekki gjalda fyrir þessa stjórnsýslu og sinna öllum kærnum af bestu getu.

starfsemi og skipulag

► STARFSMENN EMBÆTTIS YFIRDÝRALÆKNIS

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir

Sigurður Örn Hansson, aðstoðaryfirdýralæknir



Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir

Auður Lilja Arnþórsdóttir, dýralæknir jógursjúkdóma og sóttvarnadýralæknir

Ármann Gunnarsson, héraðsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi frá 1. sept. 2003

Bárður Guðmundsson, héraðsdýralæknir Þingeyjarumdæmi

Bergþóra Eiríksdóttir, eftirlitsdýralæknir

Björn Steinbjörnsson, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmi nyrðra

Brigitte Brugger, eftirlitsdýralæknir

Egill Gunnlaugsson, héraðsdýralæknir Vestur-Húnaþingsumdæmis

Egill Steingrímsson, eftirlitsdýralæknir

Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir

Ellen Ruth Ingimundardóttir, eftirlitsdýralæknir

Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma

Gísli Sverrir Halldórsson, dýralæknir inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða

Gunnar Gauti Gunnarsson, héraðsdýralæknir Borgarfjarðar- og Mýraumdæmis

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis

Gunnar Porkelsson, héraðsdýralæknir Vestur-Skaftafellsumdæmis

Hákon Hansson, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

Helga Ragnarsdóttir, eftirlitsdýralæknir

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmi nyrðra

Hrund Hólm, dýralæknir á aðalskrifstofu

Hrund Lárusdóttir, eftirlitsdýralæknir

Hörður Sigurðsson, dýralæknir loðdýrasjúkdóma

Jarle Reiersen, dýralæknir alifuglasjúkdóma

Jón Pétursson, héraðsdýralæknir í Vestfjarðaumdæmi á sauðburði

Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir Suðurlandsumdæmis

Kjartan Hreinsson, héraðsdýralæknir Austur-Skaftafellsumdæmis

Konráð Konráðsson, dýralæknir svínasjúkdóma

Kristín Silja Guðlaugsdóttir, eftirlitsdýralæknir

Kristín Björg Guðmundsdóttir, dýralæknir á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Margrét Jónsdóttir, aðstoðarmaður á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Ólafur Valsson, héraðsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis í leyfi frá 1. september 2003

Ómar Runólfsson, aðstoðarmaður á rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir Snæfellsnesumdæmis

Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma

Sigríður Poulsen, aðstoðarmaður á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, héraðsdýralæknir Vestfjarðaumdæmis

Sigurbjörg Ó. Bergsdóttir, héraðsdýralæknir Dalaumdæmis


Sigurður Sigurðarson, dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma
 Silvia Windmann, eftirlitsdýralæknir
 Stefán Friðriksson, héraðsdýralæknir Austur-Húnaþingsumdæmis
 Sverrir Þ. Sverrisson, framkvæmdastjóri
 Vignir Sigurólason, héraðsdýralæknir Þingeyjarumdæmi

Aðrir launþegar

Auk fastra starfsmanna embættisins á árinu 2004 voru fimmtán launþegar sem störfuðu tímabundið við viðhald varnargirðinga og sautján sem störfuðu sem aðstoðarmenn kjötskoðunarlækna. Að auki er nokkuð um verktaka sem sinna viðhaldi girðinga.

► SKIPURIT

Skipurit embættis yfirdýralæknis



► HELSTU STÖRF OG HLUTVERK

HÉRAÐSDÝRALÆKNAR

Á árinu störfuðu sextán héraðsdýralæknar í öllum umdæmum landsins. Héraðsdýralæknar annast hver í sínu umdæmi allt opinbert eftirlit á vegum embættis yfirdýralæknis sem kveðið er á um í lögum og reglum hverju sinni. Héraðsdýralæknar annast einnig almenna dýralæknisþjónustu í sínu umdæmi. Héraðsdýralæknar Gullbringu- og Kjósarumdæmis, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis og Suðurlands-umdæmis annast eingöngu opinbert eftirlit fyrir hönd yfirdýralæknis.

SÉRGREINADÝRALÆKNAR OG SÓTTVARNADÝRALÆKNIR

Sérgreinadýralæknar annast hver á sínu sviði forvarnir og fræðslustarf með það meginmarkmið að vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum á sínu fagsviði. Á árinu störfuðu 9 sérgreinadýralæknar hver á sínu sérsviði. Þeir eru dýralæknir alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða, inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða, hrossasjúkdóma, jógursjúkdóma, loðdýrasjúkdóma, svínasjúkdóma og nautgripa- og sauðfjársjúkdóma. Sóttvarnadýralæknir hefur yfirumsjón með eftirliti með og viðbrögðum og vörnum gegn smitsjúkdómum í dýrum.

EFTIRLITSDÝRALÆKNAR

Eftirlitsdýralæknar annast almennt eftirlit undir stjórn viðkomandi héraðsdýralækna s.s. kjötskoðun í sláturhúsum og það reglubundna eftirlit sem fara skal fram í hverju umdæmi. Á árinu störfuðu að jafnaði 6-7 eftirlitsdýralæknar í eftirfarandi umdæmum: Suðurlandsumdæmi, í Gullbringu og Kjósarumdæmi og Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi.

RANNSÓKNADEILD DÝRASJÚKDÓMA

Við Rannsóknadeild dýrasjúkdóma störfuðu á árinu 4 starfsmenn auk forstöðumanns sem jafnframt gegnir starfi dýralæknis nautgripa- og sauðfjársjúkdóma. Rannsóknadeild dýrasjúkdóma annast greiningar, rannsóknir og skráningu á dýrasjúkdómum í landinu.

AÐALSKRIFSTOFA

Á aðalskrifstofu embættisins störfuðu á árinu 5 starfsmenn auk símvarða og ritara sem starfa sameiginlega fyrir embættið og landbúnaðarráðuneytið. Helstu störf sem sinnt er af aðalskrifstofu eru stjórnunar- og rekstrarumsjón embættisins. Dýralæknar heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða og inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða eru staðsettir á aðalskrifstofu.

► UPPLÝSINGA- OG ÚTGÁFUMÁL

www.yfirdyralaeknir.is

Á vef embættis yfirdýralæknis er að finna upplýsingar um embættið, hlutverk þess og þá málaflokka sem heyra undir embættið. Á vefnum eru birtar ýmsar greinar og fréttatilkynningar og á árinu 2004 voru

fréttatilkynningarnar 36 talsins. Auk þess er efnið á vefnum uppfært reglulega. Mælingar sýna að í hverri viku heimsækja að jafnaði um 170 gestir vefinn sem er talsverð aukning frá árinu áður. Vinsælustu síður vefsins eru síðurnar um innflutning hunda og katta, starfsmenn embættisins, lög og reglur, inn- og útflutning og dýraheilbrigði.

► REGLUGERÐIR OG NEFNDARSTÖRF

Yfirdýralæknir er stjórnvöldum til ráðgjafar um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu búfjárafurða. Þessu starfi sinnir embætti yfirdýralæknis á fleiri en einn máta svo sem með tillögum yfirdýralæknis til stjórnvalda, þátttöku starfsmanna í vinnu við endurskoðun eða nýsmíði reglugerða, auglýsingum um reglur og fundum með stjórnvöldum og nefndum Alþingis jafnt formlegum sem óformlegum. Jafnframt situr yfirdýralæknir í fjölmörgum nefndum og ráðum sem starfa fyrir stjórnvöld og eru þær helstu tilgreindar hér að neðan.

Yfirdýralæknir á sæti í eftirfarandi nefndum og stjórnnum

- ◆ Stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum
- ◆ Lyfjanefnd
- ◆ Fisksjúkdómanefnd
- ◆ Tilraunadýranefnd
- ◆ Matvælaráði
- ◆ Stjórnskipaðri samstarfsnefnd um sóttvarnir
- ◆ Nefnd um vöktun syklalyfjaónæmis í mönnum, dýrum og umhverfi
- ◆ Nefnd um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins
- ◆ Vinnuhópi um flutning Tilraunastöðvarinnar á Keldum
- ◆ Nefnd á vegum EFTA –Veterinary Working Group

Aðstoðaryfirdýralæknir á sæti í eftirfarandi nefndum

- ◆ Lyfjanefnd
- ◆ Stjórnskipaðri samstarfsnefnd um sóttvarnir
- ◆ Matvælaráði
- ◆ Starfshópi landbúnaðarráðherra um meðferð á sláturúrgangi

Starfsmenn yfirdýralæknis tóku þátt í nefndarstörfum og vinnu við endurskoðun og nýsmíði reglugerða eins og hér segir

- ◆ Fisksjúkdómanefnd: Gísli Jónsson
- ◆ Tilraunadýranefnd: Sigríður Björnsdóttir, Bergþóra Eiríksdóttir
- ◆ Dýralæknafræðingur: Gísli Jónsson
- ◆ Nefnd um nýfæði: Gísli Jónsson

Reglugerð um

- ◆ aðbúnað gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni: Auður L. Arnþórsdóttir


- ◆ aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum: Konráð Konráðsson
- ◆ breytingu á reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna: Gísli Jónsson
- ◆ búfjársæðingar og flutninga fósturvísa: Konráð Konráðsson
- ◆ eftirlit með fóðri: Jarle Reiersen, Konráð Konráðsson
- ◆ flutninga dýra: Sigurður Örn Hansson
- ◆ innflutning gæludýra og hundasæðis (breytingarreglugerð): Gísli Sverrir Halldórsson, Hrund Hólm
- ◆ merkingar búfjár: Auður Arnþórsdóttir, Gísli Sverrir Halldórsson
- ◆ skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra: Gísli Jónsson
- ◆ skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings fiskeldisdýra, afurða þeirra og flutningstækja: Gísli Jónsson
- ◆ slátrun búfjár: Sigurður Örn Hansson
- ◆ sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á fisksjúkdómum um brisdrepi, iðradrepi og veirublæði: Gísli Jónsson
- ◆ tilraunadýr: Halldór Runólfsson, Sigríður Björnsdóttir, Bergþóra Eiríksdóttir
- ◆ varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins með innfluttum vörum: Gísli Sverrir Halldórsson, Halldór Runólfsson

▶ ALÞJÓÐASAMSTARF

Samstarf og samskipti við yfirdýralæknisembætti annarra landa, alþjóðastofnanir, nefndir og ráð, er stór þáttur í starfsemi embættis yfirdýralæknis. Einkum er um að ræða eftirfarandi stofnanir og ráð:

- ◆ Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE)
- ◆ Alþjóðastaðlaráðið (Codex alimentarius)
- ◆ Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)
- ◆ Evrópska lyfjastofnunin (EMA)
- ◆ Evrópuráð vegna dýraverndarmála
- ◆ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
- ◆ Norræna ráðherranefndin (NMR)

matvælaöryggi



Stór þáttur í starfsemi embættis yfirdýralæknis er að tryggja sem kostur er að einungis öruggar búfjárafurðir fari á markað og til neytenda. Embættið annast eftirlit bæði á frumframleiðslustöðum og í vinnslustöðvum fyrir innlandan og erlendan markað. Starfi dýralæknis heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða gegnir Sigurður Örn Hansson sem einnig er aðstoðaryfirdýralæknir.

► SLÁTURHÚS Á ÍSLANDI 2004

Á árinu störfuðu 19 sláturhús á landinu en það var tveimur færri en árið áður. Sláturhús Íslandsfugls á Dalvík hætti rekstri á árinu og ekki var slátrað í Búðardal. Á næstu síðu má sjá töflu yfir sláturhús, kjötvinnslur og frystigeymslur í sláturhúsum á Íslandi árið 2004.

ÚTFLUTNINGSLEYFI

Kaupfélag Vestur–Húnvetninga á Hvammstanga og Kaupfélag Skagfirðinga fengu á árinu útflutningsleyfi á Evrópussambandsmarkað fyrir kryddað lambakjöt og fyrir vinnslu á lambakjöti. Sölufélag Austur–Húnvetninga og Norðlenska á Húsavík fengu útflutningsleyfi fyrir vinnslu á lambakjöti. Viðbót ehf. sem rekur kjötpökkunarstöð á Húsavík, fékk útflutningsleyfi fyrir lambakjöt og hreindýrakjöt á Evrópusambandsmarkað.

► EFTIRLIT MEÐ KJÖTFRAMLEIÐSLU

Héraðsdýralæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum en dýralæknir heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum. Drög að eftirlitshandbók voru gerð á árinu og notuð í sláturhúsum með útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Ráðgert er að vinna eftir drögum að handbókinni í öðrum sláturhúsum á næsta ári til reynslu og birta hana síðan á heimasíðu embættisins.

ERLENDAR EFTIRLITSHEIMSÓKNIR

Eftirlitsmenn frá eftirlitsdeild landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna dvöldu hér á landi dagana 13.-25. september. Þeir gerðu úttekt á heilbrigðiseftirliti embættisins í sláturhúsum og skoðuðu þau sláturhús sem hafa útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Skoðunin gekk mjög vel að þessu sinni og hafa eftirlitsmennirnir sjaldan eða aldrei gert jafn fáar athugasemdir og nú. Við úttektina haustið 2003 voru eftirlitsmennirnir mjög ósáttir við ástandið eins og fram kom í síðustu ársskýrslu. Gerð var aðgerðaáætlun með það að markmiði að uppfylla kröfur bandarískra yfirvalda um eftirlit embættisins og búnað, hreinlæti og eftirlit í sláturhúsum með útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Áætluninni var fylgt mjög vel eftir og tókst að ná settu marki.

Sláturhús / kjötvinnslur / frystigeymslur 2004

Nr.	LEYFISHAFI	STAÐUR	STARFSEMI	DÝRATEG.	ÚTFLUTNINGSLEYFI*		
					JAP	ESB	USA
2	Borgarnes kjötvörur	Borgarnesi	SL, KV, FG	H, N, SV	H, N, SV		
4	Stjörnugrís	Kjalarnesi	SL	SV	SV		
8	B. Jensen	Akureyri	SL, KV	H, N, SV			
9	Síld og fiskur	Minni-Vatnsleysu	SL	SV			
11	Dalalamb ¹⁾	Búðardal	SL, FG, KV	SA	SA		
22	Kaupfélag V-Húvetninga	Hvammstanga	SL, FG, KP, KR	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, N, SA	SA
23	Sölufélag A-Húvetninga	Blönduósi	SL, FG, KP, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, N, SA	
24	Sláturfélag Suðurlands	Kirkjubæjarklaustri	SL, FG	SA	SA		
29	Norðlenska	Akureyri	SL, FG	H, N, SV	H, N, SV		
31	Norðlenska	Húsavík	SL, KV, FG, KP, KV	SA	SA	SA	SA
32	Fjallalamb	Kópaskeri	SL, FG, KV	SA	SA		
33	Sláturfélag Vopnfirðinga	Vopnafirði	SL, FG	H, N, SA	SA		
40	Búi	Höfn	SL, FG, KP	H, N, SA, SV	SA	SA	
47	Kaupfélag Króksfjarðar	Króksfjarðarnesi	SL, FG	H, N, SA, SV	SA		
50	Kaupfélag Skagfirðinga	Sauðárkróki	SL, FG, KP, KV, KR	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	SA	
67	Sláturhúsið	Hellu	SL	H, K, N, SV	H, N, SV		
80	Ísen	Höfn	SL	A			
81	Sláturfélag Suðurlands	Selfossi	SL, FG, KP, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, SA	SA
100	Sláturfélag Suðurlands	Hvolsvelli	FG, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV		
120	Kjarnafæði	Svalbarðseyri	FG, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV		
200	Ísfugl	Mosfellsbæ	SL, KV, FG	A			
202	Mósi	Stiklum	SL	A			
205	Reykjagarður	Hellu	SL, KV, FG	A			
210	Matfugl	Mosfellsbæ	SL, KV, FG	A			
215	Íslandsfugl	Dalvík	SL, KV, FG	A			
220	Eimskip	Hafnarfirði	FG	H, N, SA, SV		H, N, SA	
221	Kuldaboli	Þorlákshöfn	FG, KP	H, N, SA, SV		H, N, SA	

1) Dalalamb slátraði ekki á árinu

Skýringar með töflu

Starfsemi

SL Sláturhús
 FG Frystigeymsla
 KV Kjötvinnsla
 KP Kjötpökkun
 KR Kryddun

Dýrategundir

A Alifuglar
 H Hross
 K Kanínur
 N Nautgripir
 SA Sauðfé
 SV Svín

Útflutningsleyfi

ESB Útflutningsleyfi til ESB
 USA Útflutningsleyfi til USA
 JAP Útflutningsleyfi til Japan

*Útflutningsleyfi gildir fyrir þá dýrategund sem skráð er í viðkomandi dálk

AÐSKOTAEFNAEFTIRLIT

Leitað var að sömu efnum og efnasamböndum og árið 2003, sjá töflu hér að neðan.

Aðskotaefnamælingar 2004

A	Sauðfé	Naut	Hross	Svín	Hreindýr	Alfluglar	Mjólk	Eldisfiskur	Vefur/matrix	Rannsóknarstofa
Stilbenes	11	9	4	2		1			þvag/vöðvi	EELA
Thyrostats	11	9	4	2		1			þvag/vöðvi	EELA
Steroids:										
Oestradiol		5							plasma	EELA
Trenbolone									þvag	EELA
Zeranol	11	6	4	2		1			þvag/vöðvi	EELA
Beta-agonists	5	5	4	2		1			þvag/lifur	EELA
IV Chloramphenicol	6	5		1					vöðvi	EELA
A alls:	44	39	16	9		4				
B₁										
Antibact.	127	73	50	58			198		nýra/mjólk	KELDUR
Tetracycline	5	5							vöðvi	EELA
Sulfa	5	5							vöðvi	EELA
Hníslasóttarlyf						10			vöðvi	OSLO
Oxolinic acid									vöðvi	EELA
Oxytetracycline								55	vöðvi	EELA
B₁ alls:	137	83	50	58		10	198	55		
B₂										
Ivermectin	18	5	10	5					lifur	EELA
Doramectin	15								lifur	EELA
Benzimidazol	33	5	7	10					lifur	OSLO
Xylazine (NSAID)		5							nýra	EELA
B₂ alls:	66	15	17	15						
B₃										
Lífræn klórkolefnissambönd	5	2	5	2	1	1	20		fita	EELA
Lífræn fosfórsambönd	5	2		2	1	1			fita	EELA
Sveppaeitur							21		mjólk	EELA
Ólífræn snefilefni:										
Pb	5	5	10	1	1	1	33		lifur/mjólk	RF
Cd	5		10		1	1	33		lifur/mjólk	RF
Hg	5		10				33		lifur/mjólk	RF
As			4	4			33		lifur/mjólk	RF
B₃ alls:	25	9	39	9		4	173			
Samtals:	272	146	122	91	4	18	371	55	total	1079

EELA = Rannsóknarstofnun matvæla og dýrasjúkdóma í Helsinki, Finnlandi

KELDUR = Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

OSLO = Dýralæknaháskólinn í Ósló, Noregi

RF = Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins

Fjöldi og niðurstöður mælinga

Alls voru gerðar 1079 mælingar á sýnum vegna sláturafurða, mjólkur og eldisfisks.

Öll sýni voru ýmist undir greiningamörkum eða langt undir leyfilegum mörkum.

Tríkinurannsóknir

Tekin voru tríkinusýni af öllum hrossum sem slátrað var vegna útflutnings á Evrópusambandsmarkað, alls 83 sýni. Tríkinur greindust ekki í neinu sýnanna enda hafa þær aldrei greinst í íslenskum dýrum.

Tegundagreining

Til að tegundagreina kjöt voru tekin 8 sýni í þeim sláturhúsum sem hafa útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Sýnin eru greind á Keldum og á sama hátt og undanfarin ár, þ.e. með ELISU aðferð.

Salmonella

- ◆ **Alifuglar** – Sjá skýrslu dýralæknis alifuglasjúkdóma.
- ◆ **Svín** – Sjá skýrslu dýralæknis svínasjúkdóma.

Kampýlóbakter í alifuglum

Sjá skýrslu dýralæknis alifuglasjúkdóma.

Sýni vegna eftirlits yfirdýralæknis sem rannsökuð voru 2004¹⁾

Tegund sýna	Ástæða sýnatöku	Fjöldi
Þindarsýni úr hrossum	Tríkinuleit	83
Vöðvasýni	Tegundagreining	8
Mjólkursýni	Sýklalyfjaleit	198
Nýrnasýni úr hrossum	Sýklalyfjaleit	50
Nýrnasýni úr nautgripum	Sýklalyfjaleit	73
Nýrnasýni úr sauðfé	Sýklalyfjaleit	127
Nýrnasýni úr svínum	Sýklalyfjaleit	58
	Alls	597

1) Sýnatökur vegna salmonellueftirlits - sjá skýrslur dýralækna svína- og alifuglasjúkdóma

HREFNUKJÖT

Tilraunaveiðar á hrefnum voru aftur heimilaðar á árinu. Hrefnurnar voru skornar um borð í hrefnueiðibátunum eða í sérútbúinni aðstöðu á Suðurnesjum en frekari vinnsla fór fram í kjötvinnslu í Kópavogi. Héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi annaðist að mestu heilbrigðis skoðun á afurðunum, sem landað var Sandgerði. Fáeinum dýrum var landað í öðrum umdæmum og önnuðust viðkomandi héraðsdýralæknar þá oftast heilbrigðis skoðun.

DÝRAVERND VIÐ FLUTNING OG SLÁTRUN DÝRA

Með breytingu á lögum nr. 15/1993 um dýravernd var Umhverfisstofnun falið eftirlit með framkvæmd laganna en hún getur falið heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögnum. Kjötskoðunarlæknar embættis yfirdýralæknis sinna eftirliti með dýravernd við flutning dýra í sláturhús og við slátrun samkvæmt heimild í reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða og reglugerð nr. 168/1970, um heilbrigðis skoðun á sláturafurðum, með áorðnum breytingum, en án skýrrar lagaheimildar.

Staðan er því sú að nú fylgjast tvær stofnanir með velferð dýra í flutningum og við slátrun. Þetta ástand var enn óbreytt í árslok og orðið mjög brýnt að lögum um dýravernd verði breytt.

BREYTINGAR Á HEILBRIGÐISEFTIRLITI MEÐ SLÁTURAFURÐUM

Dýralæknir heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og sláturafurðum tók áfram þátt í starfi norræns starfshóps um aðlögun að nýjum reglum Evrópusambandsins um heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum, sjá nánar í ársskýrslu embættis yfirdýralæknis árið 2003.

► EFTIRLIT MEÐ MJÓLKURFRAMLEIÐSLU

Yfirdýralæknir hefur yfirstjórn vegna útflutnings búfjárafurða og þar með eftirliti á mjólkurbúum sem hafa útflutningsleyfi. Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa þar að auki árlegt eftirlit með búunum. Veiting útflutningsleyfa fyrir mjólkurstöðvar fer fram með svipuðum hætti og fyrir sláturhús. Áður höfðu mjólkurstöðvarnar á Akureyri, Búðardal, Reykjavík og Selfossi leyfi til að senda mjólkurafurðir til Evrópusambandslanda en á árinu fengu stöðvarnar á Sauðárkróki, Ísafirði og Blönduósi slíkt leyfi.

Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði á Íslandi 2004

Nr.	Afurðastöð	Útflutningsleyfi
1001	Mjólkursamsalan í Reykjavík	Útflutningsleyfi ESB
1008	Mjólkursamlagið í Búðardal	Útflutningsleyfi ESB
1018	Mjólkursamlag Ísfirðinga	Útflutningsleyfi ESB
1024	Mjólkursamlag Húnavetninga	Útflutningsleyfi ESB
1026	Mjólkursamlag KS	Útflutningsleyfi ESB
1030	Norðurmjólk	Útflutningsleyfi ESB
1067	Mjólkursamlag Vopnfirðinga hf	
1069	Mjólkurstöð MBF Egilsstöðum	
1070	Mjólkurbú Flóamanna	Útflutningsleyfi ESB

► NÁMSKEIÐ, VERKEFNI OG ERLEND SAMSKIPTI

Embætti yfirdýralæknis hélt eftirfarandi námskeið á árinu vegna eftirlits með sláturafurðum:

- ◆ Námskeið fyrir aðstoðarfólk við heilbrigðisskoðun í sauðfjárslátrun: Sigurður Örn Hansson, Kristín Björg Guðmundsdóttir og Stefán Friðriksson kenndu á námskeiðinu.
- ◆ Námskeið í úttekt á innra eftirliti. Vibeke From Jeppesen frá Danmörku leiðbeindi.

Díoxín og PCB

Embætti yfirdýralæknis er aðili að samevrópsku verkefni um mælingu á díoxínnum, díoxínlíkum PCB efnunum og PCB efnunum í landbúnaðarafurðum, fóðri og í sjávarafurðum. Verkefnisstjóri er dr. Guðjón Atli Auðunsson efnafræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ráðgert er að verkefnið taki alls 4 ár en Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitti styrk til mælinga á landbúnaðarafurðum á árinu 2003 og 2004.

Norrænir starfshópar

Dýralæknir heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða starfaði í eftirfarandi norrænum starfshópum:

1. Starfshópur um endurskoðun á heilbrigðiseftirliti með sláturafurðum (sjá nánar í ársskýrslu frá 2003)
2. Starfshópur um matvælaöryggi og heilbrigði með hliðsjón af sjálfbærri þróun

Dýralæknir heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og sláturafurðum sótti fundi hjá Evrópusambandinu í Brussel um nýja löggjöf Evrópusambandsins um matvælaeftirlit.

heilbrigði dýra

► TILKYNNINGAR- OG SKRÁNINGARSKYLDIR DÝRASJÚKDÓMAR



Hér til hægri er yfirlit yfir tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma sem voru greindir á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma árið 2004, en sýni bærust frá dýralæknum og sláturhúsum.

Eftirfarandi umfjöllun um sjúkdómanna er úr skýrslu dýralæknis sauðfjár- og nautgripasjúkdóma, Sigurðar Sigurðarsonar og Kristínar Bjargar Guðmundsdóttur dýralæknis á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma.

Riða í sauðfé

Á árinu var gert samkomulag við Norges Veterinærinstitutt um riðugreiningu heilasýna úr íslensku sauðfé sem slátrað var haustið 2004, með ónæmisprófi (ELISA-próf, TeSeE Test, Bio-Rad). Þetta er næmari greiningaraðferð en vefjaskoðun sem hingað til hefur verið notuð á Íslandi. Áætlað er að nýja aðferðin verði tekin upp á Tilraunastöðinni á Keldum á árinu 2005. Notkun hennar leiddi til þess að á árinu greindist í fyrsta sinn á Íslandi riðuafbrigðið Nor98, sem fyrst var lýst í Noregi 1998 en hefur nú fundist í ýmsum fleiri Evrópulöndum. Kindin sem afbrigðið greindist í var frá Gýgjarhólskoti í Biskupstungum og hafði ekki sýnt einkenni riðu. Nor98 greinist oftast í fullorðnum kindum og er ekki talið eins smitandi og hefðbundin riða. Auk Nor98 greindist hefðbundin riða í tveim öðrum hjörðum með þessari aðferð.

Alls fannst riðuveiki á átta bæjum á árinu. Fimm tilfellanna voru í Biskupstungum í Árnassýslu, tvö í Skagafjarðarsýslu og eitt í Suður-Múlasýslu. Á aðeins einum bæjanna, Austurhlíð í Biskupstungum, hafði riða verið skráð fyrr (sjá töflu á næstu síðu).

Í kjölfar riðutilfellinganna í Biskupstungum var auk riðubæjanna ákveðið að farga öllu fé á 26 öðrum bæjum þar í sveit vegna samgangs (sjá töflu á næstu síðu, förgun sauðfjárhjarða vegna riðu árin 2002-2004). Biskupstungum má skipta í þrjú svæði, Ytri-Tungu, Eystri-Tungu og Hlíðarbæi. Fyrstu riðubæirnir þrjú voru allir í Ytri-Tungu. Þá var ákveðið að farga þar öllu fé. Þegar riðan greindist í Eystri-Tungu varð ljóst að farga yrði öllu fé þar einnig vegna mikilla viðskipta með fé. Í desember fannst svo riða í Hlíðarhólfi. Samstaða náðist ekki um förgun á öllu fé þar og var því ákveðið að fresta ákvörðun um förgun til haustsins 2005. Á Runná hafði veikin aldrei fundist en 6 árum fyrr og árin þar á undan var riðuveiki á nálægum bæjum. Förgun þar og á Ytri-Húsabakka verður framkvæmd snemma ársins 2005.

	Fjöldi bæja	Fjöldi dýra	Dýrategund
A-SJÚKDÓMAR			
<i>Miltisbrandur</i>	1	4	hross
<i>Riðuveiki</i>	8	20	sauðfé
B-SJÚKDÓMAR			
<i>Garnaveiki</i>	8	8	sauðfé
<i>Fótakláði</i>	2	2	sauðfé
C-SJÚKDÓMAR			
<i>Bogfrymasótt</i>	20*	26*	sauðfé
<i>Clostridium-sýkingar</i>	10	10	sauðfé
<i>Listeríusýkingar</i>	14	15	sauðfé
<i>Kýlapest</i>	1	1	sauðfé
<i>Lungnapest</i>	3	4	sauðfé
<i>Lungnadrep</i>	1	1	sauðfé
<i>Tannlos</i>	5	8	sauðfé

*Sterkur grunur vegna vefjabreytinga í hildahnöppum, en ekki staðfest með mótfnagreiningu.

Riðutilfelli árið 2004

Mánuður	Bær	Sýsla	Afbrigði
Janúar	Vegatunga, Biskupstungum	Árnessýsla	Hefðbundið
Febrúar	Hrosshagi, Biskupstungum	Árnessýsla	Hefðbundið
Mars	Vatnsleysa, Biskupstungum	Árnessýsla	Hefðbundið
Júlí	Árgerði, Sæmundarhlíð	Skagafjarðarsýsla	Hefðbundið
Október	Gýgjarhólskot, Biskupstungum	Árnessýsla	Nor-98
Desember	Austurhlíð, Biskupstungum	Árnessýsla	Hefðbundið
Desember	Ytri-Húsabakki, Glaumbæjareyjum	Skagafjarðarsýsla	Hefðbundið
Desember	Runná, Berufirði	S-Múlasýsla	Hefðbundið

Förgun sauðfjárhjarða vegna riðu árin 2002-2004

	Hjarðir			Fullorðnar kindur		
	a	b	Alls	a	b	Alls
2002	2	0	2	224	0	224
2003	5	29	34	1016	1860	2876
2004	6	26	31	1388	2118	3506

a: riðuhjarðir, b: hjarðir sem var fargað vegna nálægðar við riðuhjarðir

Alls voru á árinu 2004 skoðuð 9.590 heilasýni úr sauðfé vegna eftirlits með riðu, þar af 6.535 með vefjaskoðun og 3.055 með ónæmisprófi (Bio-Rad) í Noregi. Rúmlega 3000 heilasýnum til viðbótar var safnað úr sauðfé á árinu. Þau bíða skoðunar.

Fjöldi heilasýna skoðuð vegna eftirlits með riðu árin 2002-2004

	2002				2003			
	Skoðað	Jákv.	Grunn.	Neikv.	Skoðað	Jákv.	Grunn.	Neikv.
a	83	12	7	64	326	19	3	304
b	0	0	0	0	1.758	0	0	1.758
c	5.538	0	0	5.538	5.124	0	0	5.124
Alls	5.621	12	7	5.602	7.208	19	3	7.186

	2004 - Vefjaskoðun				2004 - Bio-Rad			
	Skoðað	Jákv.	Grunn.	Neikv.	Skoðað	Jákv.	Grunn.	Neikv.
a	608	16	25	567	71	5	0	66
b	148	0	0	148	0	0	0	0
c	5.779	0	0	5.779	2.984	0	0	2.984
Alls	6.535	16	25	6.494	3.055	5	0	3.050

a: riðubæir, b: hjarðir sem fargað var vegna nálægðar við riðuhjarðir, c: heilasýni tekin úr heilbrigðum dýrum í sláturhúsum og úr innsendum dýrum vegna reglubundins eftirlits með riðu.

Kúariða

Nær engar líkur eru taldar á því að kúariða komi upp á Íslandi. Slíka umsögn hefur Ísland fengið vegna árangurs af varnaraðgerðum sem beitt hefur verið gegn sauðfjárriðu og eftirlits með kúariðu. Á hverju ári þarf að taka og skoða a.m.k. um 50 heilasýni úr nautgripum til vöktunar á kúariðu. Á árinu 2004 var 82 heilasýnum safnað úr nautgripum vegna vöktunar á kúariðu. Öll voru tekin í sláturhúsum úr heilbrigðum dýrum 24 mánaða eða eldri og öll voru neikvæð. Við greininguna var notuð vefjaskoðun. Auk þessara sýna voru 12 heilasýni sem safnað var árið 2003 úr nautgripum, send til Noregs til ónæmisprófunar gegn kúariðu. Þessi sýni reyndust einnig öll neikvæð (sjá töflu hér fyrir neðan).

Mikilvægast er að rannsaka heilasýni úr nautgripum sem sýna óútskýrð einkenni frá miðtaugakerfi, einnig úr veikum gripum sem lóga þarf af öðrum ástæðum, og í þriðja lagi sjálfdauðum gripum og gripum sem lóga þarf vegna slysa. Engin sýni bárust úr slíkum gripum á árinu.

Fjöldi heilasýna úr nautgripum tekin í sláturhúsum vegna kúariðuvöktunar árin 2002-2004

Sýni	2002	2003	2004
Heildarfjöldi skoðaðra sýna	41	120	94
Úr heilbrigðum dýrum	41	119	94
Úr dýrum með einkenni frá miðtaugakerfi*	0	1	0
Jákvæð sýni	0	0	0
Neikvæð sýni	41	120	94

*Ekki kúariðueinkenni

Garnaveiki í jörturdýrum

Á árinu bárust hátt á 3. þúsund garnasýna úr sauðfé og 32 garnasýni úr nautgripum til rannsóknar á garnaveiki. Veikin var staðfest í sauðfé á 8 bæjum. Þetta eru heldur færri bæir en árið áður. Á fjórum bæjanna var veikin staðfest í fyrsta sinn (síðustu 10 árin). Í engu tilfelli fannst veikin á nýju svæði. Þessi fjöldi er eflaust vantallinn, m.a. vegna þess að það er dýrt fyrir eigendur að senda lélegar kindur í sláturhús. Oft eru vanþrifakindur skotnar og grafnar heima og því ekki látið vita af þeim og ekki tekin garnasýni. Samt hefur mönnum staðið það til boða árum saman að fá dýralækni til að skoða slíkar kindur sér að kostnaðarlausu. Sýnataka og skoðun í sláturhúsum hefur sums staðar verið ófullkomin. Á mörgum svæðum hefur eftirlit með bólusetningu ekki verið sem skyldi, bólusetning framkvæmd seint og jafnvel hafa bæir orðið útundan. Nauðsynlegt er að ráða bót á þessu.

Ljóst virðist að garnaveiki er hægt að útrýma, en þar sem garnaveiki er í nautgripum er sú barátta erfiðari. Því má ekki gleyma að veikin getur einnig sýkt geitur og hreindýr og að öll jörturdýr geta verið einkennalausir smitberar um langan eða skamman tíma. Garnaveiki virðist hafa verið útrýmt og bólusetningu hætt undir Eyjafjöllum, á Vestfjörðum sunnan Ísafjarðardjúps, í Miðfjarðarhólfi, Skjálfandahólfi, Héraðshólfi og Austfjarðahólfi. Horfur eru á því að innan fárra ára megi hætta bólusetningu í Rangárvallasýslu austan Ytri-Rangár að Markarfljóti, á Snæfellsnesi, í Norður-Dalahólfi og á Austurlandi mestöllu, þ.e. frá Jökulsá á Fjöllum að Hamarsá sunnan Djúpavogs. Áður hafði þó verið hætt bólusetningu á svæðinu frá Jökulsá á Brú að Reyðarfirði eins og áður segir.

Miltisbrandur

Í byrjun desember fannst miltisbrandur í hrossum sem drepist höfðu á Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd. Þrjár hestar drápust og þeim fjórða var lógað veikum. Hræin voru brennd til ösku á staðnum undir stjórn héraðsdýralæknis og askan flutt til dysjunar í Álfsnesi. Nokkru áður hafði Rannsóknadeildin varað við hugsanlegri hættu af miltisbrandi og hafði söfnun upplýsinga um staði þar sem áður voru grafin hræ af

skepnum sem drápusst úr miltisbrandi. Fundir voru haldnir með fornleifafræðingum og upplýsingar sendar um þekkta staði til allra sveitarfélaga landsins og víðar og þau beðin um aðstoð við frekari upplýsingaöflun. Skrásettir hafa verið rúmlega 90 staðir um allt land en veikin þó aldrei verið greind á svæðinu milli Hornafjarðarflióta og Ytri-Rangár.

Lungnapest í sauðfé

Lungnapest greindist í sauðfé á 3 bæjum á árinu. Sýkillinn *Pasteurella multocida* ræktaðist úr lungum fjár á öllum bæjunum, en *Mannheimia haemolytica* (annað afbrigði lungnapestarsýkils, sem jafnframt getur lagst á unglömb, veiki af hans völdum gengur einnig undir nafninu lungnadrep) greindist einnig í lambi á einum bæjanna. Veikin er þó þekkt mun víðar og virðist geta magnast þar sem kregða er samtímis á ferð. Bólusetning gegn lungnapest virðist gefa góða vörn gegn báðum afbrigðunum og einnig gegn kregðu. Á Vestfjörðum hefur lungnapest aldrei greinst og aldrei í Skaftafellssýslum vestan Hornafjarðarflióta. Veikin berst fyrst og fremst með sauðfé og eru dæmi þess að hún hafi blossað upp á nýju svæði í kjölfar ólöglegra fjárflutninga. Kindur sem smitast hafa geta dreift smiti í a.m.k 6 mánuði.

Fjárkláði og fellilús

Ekkert hefur borið á fjárkláða eftir að skipulegum aðgerðum gegn honum lauk á síðustu kláðasvæðunum á Vestfjörðum og Norðurlandi. Fótakláði er þó þekktur í flestum varnarhólfum landsins. Fellilúsar hefur heldur ekki orðið vart síðan aðgerðum gegn henni lauk á sunnanverðu Austurlandi 2001.

Illkynjuð slímhúðarbólga í nautgripum

Illkynjuð slímhúðarbólga (malignant catarrhal fever) er þekktur sjúkdómur hér á landi og er talinn fylgja nánú samneyti sauðfjár og nautgripa, sauðfé hýsi veiruna en sýkist ekki af henni, en nautgripir smitist. Sjúkdómnum veldur herpesveira (OvHv-2). Batahorfur eru litlar fyrir nautgripi sem taka hann. Sjúkdómurinn er ekki bráðsmitandi og dauðsföll eru tíðast eitt eða fá. Þess eru þó dæmi að 4 nautgripir hafi veikst og drepist á skömmum tíma á sama bænum. Engin tilfelli bærust til greiningar að Keldum á árinu.

Dauðfæddir kálfar

Talsvert ber á því, og jafnvel meira en víða erlendis, að fullburða kálfar fæðist dauðir án þess að orsök þess finnist með vissu. Rætt hefur verið um að koma af stað rannsóknarverkefni um þetta og fá til þess doktorsnema. Óvíst er um fjármögnun þótt allir séu sammála um að verkefnið sé brýnt.

Slæm umhirða kálfa

Minna bar á því en árið áður að kálfar væru sendir inn vegna galla á umhirðu og aðbúð.

Sníkjudýr í og á nautgripum

Ormaveiki í nautgripum, ekki síst ungvíði, er vel þekkt og á sök á vanþrifum og skituköstum, t.d. vinstrarormar (*Ostertagia spp.*). Ennfremur er nokkuð um hníska í meltingarfærum ungneyta. Að þessu þarf að huga nánar því að tjón af völdum þessara sníkjudýra virðist mikið. Á árinu varð vart við naglús (*Bovicola bovis*) á einum bæ.

▶ RANNSÓKNADEILD DÝRASJÚKDÓMA

Embætti yfirdýralæknis starfrækir Rannsóknadeild dýrasjúkdóma, sem hefur frá upphafi haft aðstöðu innan veggja Tilraunastöðvar Háskólans, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Forstöðumaður Rannsóknadeildar dýrasjúkdóma er Sigurður Sigurðarson dýralæknir. Auk hans starfar við deildina Kristín Björg Guðmundsdóttir dýralæknir sem auk annarra starfa gegndi störfum Sigurðar í um þrjá mánuði á árinu í leyfi hans við nám og rannsóknir á hreindýrum í Tromsö og Lapplandi. Aðrir starfsmenn Rannsóknadeildarinnar eru Sigríður Poulsen, Ómar Runólfsson og Margrét Jónsdóttir rannsóknarfólk og Slavko Helgi Bambir dýralæknir og meinafræðingur sem er í hlutastarfi. Viðfangsefni Rannsóknadeildarinnar eru greining, skrásetning og útrýming smitsjúkdóma, rannsóknir og ráðgjöf til bænda, dýralækna og stjórnvalda auk þátttöku í rannsóknarverkefnum. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir rannsóknir á aðsendum sýnum árið 2004.

Sýni send Rannsóknadeild dýrasjúkdóma til athugunar 2004

	Krufning og liffæraskoðun	Unnin vefjasýni	Aðrar athuganir
Sauðfé			
Lifandi (fullorðið og lömb)	9		
Hræ / liffæri /hausar (fullorðið)	743	287	65
Hræ / liffæri (lömb)	220	177	130
Fóstur	50	71	38
Heilasýni / mænukylfa		6.535	3.055
Garnasýni	2.722	12	10
Saursýni			3
Blóðsýni ; vegna garnaveikiprófs			118
Blóðsýni ; vegna arfgerðargreiningar			85
Blóðsýni ; annað			162
Ullar-/húðsýni			5
Linubrjötur	227		
Önnur sýni			2
Geitur			
Hræ / liffæri	13	3	3
Heilasýni		11	
Nautgripir			
Hræ / liffæri	42	77	7
Heilasýni		82	
Garnasýni	32	32	16
Blóðsýni ; vegna garnaveikiprófs			649
Blóðsýni ; annað			
Saursýni			
Önnur sýni			1
Hross: hræ / liffæri	15	57	3
Hreindýr: hræ/liffæri	12	106	2
Svín: sýni			1.635
Heysýni			39
Önnur sýni	1	14	7
Alls	4.086	7.464	6.035

RANNSÓKNARVERKEFNI OG GREINAR

Oxavarnarensím, snefilefni og riða

Verkefnið er unnið á vegum yfirdýralæknis, í samvinnu við og undir stjórn Þorkels Jóhannessonar, fyrrverandi prófessors Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, Háskóla Íslands. Starfsmenn yfirdýralæknis eru Sigurður Sigurðarson og Kristín Björg Guðmundsdóttir dýralæknar. Aðrir þátttakendur eru Jakob Kristinsson dósent, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði H.Í., og Tryggvi Eiríksson fóðurfræðingur RALA. Verkefni þetta var samþykkt sem hluti af Evrópuverkefni 5. desember 2002 (Hluti af FATEPRIDE Project (Contract no. QLK4-CT-2002-02723 Quality of Life Programme-Framework K5)).

Á árinu birtist grein í Búvísindum sem segir frá niðurstöðum mangan- og koparmælinga í heyi frá riðulausum bæjum, fjárskiptabæjum og riðubæjum á Íslandi. Þar kemur fram að manganmagn í heyi frá riðulausum bæjum á riðulausum svæðum (og einnig að nokkru leyti frá riðulausum bæjum á riðusvæðum) var marktækt hærra en manganmagn í heyi frá riðubæjum og fjárskiptabæjum. Koparmagn var staðtölulega hið sama í heyi frá öllum þessum hópum bæja. Mangan- og koparmagn í heyi var alltaf innan eðlilegra marka. Stefnt er að því að vinna áfram að þessum rannsóknum á árinu 2005 svo fyllri niðurstöður fáiast.

Einnig birtist á árinu grein í Búvísindum um selen í heyi og blóði sauðfjár. Helstu niðurstöður þessara rannsókna eru þær að selenskortur virðist vera útbreiddur í heyi á Íslandi og sauðfé sem komið er að burði er oft við skortsmörk. Ekki virðast vera bein tengsl milli selenmagns eða glútathionperoxidasavirkni og uppkomu riðu á Íslandi.

Grein um mangan, kopar og koparensímin cerúlóplasmín og súperoxíðdismútasa (SOD1) í blóði sauðfjár verður send Búvísindum í byrjun ársins 2005. Helstu niðurstöður þessara rannsókna eru þær að nægilegur kopar virðist vera í blóði sauðfjár á Íslandi, og engin bein tengsl virðast vera milli cerúlóplasmín- eða SOD1-virkni og uppkomu riðu. Mangangildi í blóði sauðfjár eru u.þ.b. tuttugfalt lægri en kopargildi. Ekki fundust tengsl milli manganmagns í blóði og uppkomu riðu. Manganmagn í blóði minnkar á meðgöngu en koparmagn hefur tilhneigingu til að hækka. Birt var grein í Frey þar sem sagt var frá rannsóknunum og helstu niðurstöðum þeirra.

Unnið er að birtingu niðurstaðna úr mólýbden- og brennisteinsmælingum. Einnig er unnið að úttekt á gildi mælinga á glútathionperoxidasavirkni í blóði sauðfjár.

Rannsóknir á hreindýrum í Noregi

Árin 2003 og 2004 var Sigurður Sigurðarson við rannsóknir á hreindýrum í Lapplandi og víðar um Noreg í samvinnu við rannsóknaraðila frá dýralæknastofnunum í Tromsø, Harstad og Osló. Einnig hafði hann samvinnu við rannsóknaraðila frá háskólanum og háskólasjúkrahúsinu í Tromsø. Leitað var ummerkja um prionsjúkdóma í hreindýrunum og einnig voru skoðuð vinstrarsár sem fundust í norsku hreindýrunum og ekki hafa sést í íslenskum dýrum. Heilasýnum var safnað úr rúmlega 700 dýrum og vinstrum og öðrum líffærum úr talsverðum fjölda dýra. Stefnt er að því að rannsóknum þessum ljúki á næsta ári.

Önnur rannsóknarverkefni

Sigurður Sigurðarson tók einnig þátt í öðrum rannsóknaverkefnum ásamt starfsfólki Tilraunastöðvarinnar.

Greinar

- ◆ **Jóhannesson T, Gudmundsdóttir KB, Eiríksson T, Kristinsson J, Sigurdarson S 2004a.** Copper and manganese in hay samples from scrapie-free, scrapie-prone and scrapie-afflicted farms in Iceland. *Icel. Agric. Sci.* 16-17, 45-52.
- ◆ **Jóhannesson T, Gudmundsdóttir KB, Eiríksson T, Barash J, Kristinsson J, & Sigurdarson S 2004b.** Selenium and GPX activity in blood samples from pregnant and non-pregnant ewes and selenium in hay on scrapie-free, scrapie-prone and scrapie-afflicted farms in Iceland. *Icel. Agric. Sci.* 16-17, 3-13.
- ◆ **Jóhannesson T, Gudmundsdóttir KB, Barash J, Kristinsson J, Eiríksson T, & Sigurdarson S 2005.** Manganese, copper and copper enzymes in blood of Icelandic sheep: Relevance to scrapie (sent til birtingar í *Icel. Agric. Sci.*).
- ◆ **Porkell Jóhannesson, Jakob Kristinsson, Kristín Björg Guðmundsdóttir, Sigurður Sigurðarson og Tryggvi Eiríksson 2004.** Sauðfjárriða – kopar, mangan, selen og GPO. *Freyr* 100, 35-39.

► SKÝRSLA SÓTTVARNADÝRALÆKNIS

Frá og með 1. júní 2004 hefur Auður Lilja Arnþórsdóttir gegnt stöðu sóttvarnadýralæknis. Hlutverk sóttvarnadýralæknis er að vinna að eftirfarandi málaflokkum í samvinnu við yfirdýralækni, sérgreina-dýralækna og héraðsdýralækna:

- a) Viðbrögð og varnir gegn smitsjúkdómum í dýrum.
- b) Reglubundið eftirlit með smitsjúkdómum í dýrum.
- c) Reglubundin skráning og úrvinnsla upplýsinga um smitsjúkdóma í dýrum.
- d) Faraldsfræðilegar rannsóknir á smitsjúkdómum í dýrum.
- e) Miðlun upplýsinga til almennings og fagfólks um smitsjúkdóma í dýrum.
- f) Samskipti við stofnanir, innanlands og erlendis, sem vinna að eftirliti, rannsóknum, vörnum og viðbrögðum við smitsjúkdómum í dýrum.
- g) Samræming eftirlits með einangrunarstöðvum þar sem innflutt dýr eða erfðaefni þeirra er haldið í sóttkvi.

ÆFING Í VIÐBRÖGÐUM VIÐ SMITSJÚKDÓMUM

Dagana 18.-20. mars 2004 var haldið námskeið og æfing í viðbrögðum við gin- og klaufaveiki. Undirbúningur var í höndum dýralæknanna Auðar Lilju Arnþórsdóttur, Gunnars Arnar Guðmundssonar, Sigríðar Björnsdóttur og Sigurðar Arnar Hanssonar. Auk þeirra aðstoðuðu erlendir sérfræðingar með mikla reynslu af gin- og klaufaveikifaröldrum við skipulagningu og kennslu. Það voru þeir Jörgen Westergaard frá Danmörku, Tony Garland frá Englandi og Brendan McCartan frá Norður-Írlandi. Á námskeiðinu fluttu einnig erindi þeir Eggert Gunnarsson dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum og Cornelis Art Meyles frá Umhverfisstofnun. Námskeiðið var haldið í húsakynnum PharmaNor í Garðabæ, en æfingin í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Þátttakendur voru samtals 49. Í hópnum voru m.a. héraðsdýralæknar, sérgreina-dýralæknar, lögfræðingar landbúnaðarráðuneytisins, sérfræðingar frá Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, sérfræðingar frá

Umhverfisstofnun, fulltrúar Bændasamtaka Íslands og fulltrúi ríkislögreglustjóra. Námskeiðið tók til eftirfarandi efnispáttta:

- 1) Orsök, faraldsfræði og greining gin- og klaufaveiki.
- 2) Varnir gegn gin- og klaufaveiki.
- 3) Sýnataka og sending sýna til rannsóknarstofu.
- 4) Sending sýna hér á landi.
- 5) Slátrun dýra á smituðum búum.
- 6) Aflifunaraðferðir.
- 7) Förgun hræja.
- 8) Hreinsun og sóthreinsun á smituðum búum.
- 9) Uppsetning og rekstur stjórnstöðvar.
- 10) Almanntengsl.
- 11) Bólusetning gegn gin- og klaufaveiki.
- 12) Viðbragðsáætlun yfirdýralæknis vegna alvarlegra smitandi sjúkdóma.

Í kjölfar æfingarinnar voru skipaðir verkefnahópar til að vinna að þeim þáttum sem í ljós kom á æfingunni að þarf að skipuleggja betur.

TILLÖGUR AÐ REGLUBUNDNU EFTIRLITI MEÐ SMITSJÚKDÓMUM

Á árinu 2004 voru greinargerð og tillögur um framkvæmd eftirlits með smitsjúkdómum í búfé frá árinu 2003 endurskoðaðar. Um er að ræða smitsjúkdóma sem ekkert sértækt eftirlit er haft með hér á landi í dag en krafist er vottunar á í alþjóðlegum viðskiptum ásamt sjúkdómum sem samkvæmt mati íslenskra sérfræðinga er talið mikilvægt að skima eftir með sýnatökum. Í nautgripum er um að ræða sjúkdómama smitandi fósturlát, smitandi hvítblæði, smitandi barkabólgu/fósturlát, smitandi slímhúðarpest og kúariðu; í svínum Aujeszky's veiki, smitandi maga- og garnabólgu, PRRS veiki og svínainflúensu; í hrossum smitandi blóðleysi, hestainflúensu og smitandi háls- og lungnakvef/fósturlát; í alifuglum Newcastleveiki, smitandi kverka- og barkabólgu og fuglakregðu. Fjármagn hefur ekki fengist til að framkvæma þetta eftirlit.

SKRÁNING Á BÚFÉ OG SJÚKDÓMUM

Landbúnaðarráðuneytið, yfirdýralæknisembættið og tölvudeild Bændasamtaka Íslands vinna að gerð tölvukerfis til skráningar á einstaklingsmerkingum búfjár, sjúkdómum og meðhöndlun, samkvæmt ákvæðum í reglugerð um merkingar búfjár nr. 463/2003.

Skráningarkerfið, sem gengur undir nafninu MARK, er aðgengilegt hlutaðeigandi í gengum netið. Þar geta bændur pantað merki í nautgripi og ný- og afskráð gripi. Einnig er hægt að gera þetta á pappírformi með sérstökum eyðublöðum (hjarðbók). Héraðsdýralæknar geta fylgst með pöntunum og skráningum gripa á hverju búi í sínu héraði í tölvukerfinu.

Vinna við þann hluta kerfisins sem lýtur að svínum er hafin og verður fljótlega hægt að skrá þau í gagnagrunninn á sama hátt og nautgripi. Sama er að segja um skráningu sjúkdóma og lyfjameðhöndlun gripa. Þetta verður einnig gert mögulegt á pappírformi (heilsubók).

Megintilgangur skráninganna “er að tryggja rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð ... til sölu afurða, og skapa með því grundvöll að markvissu matvæla- og búfjárefirliti” (1. gr. reglugerðar um merkingar búfjár, nr. 463/2003).

ÁHÆTTUMAT VEGNA EFTIRLITS MEÐ MJÓLK

Yfirdýralæknir og Umhverfisstofnun skipuðu á árinu vinnuhóp sem falið var að vinna áhættumat vegna eftirlits með mjólk. Fyrsti fundur hópsins var haldinn í september. Ákveðið var að taka saman upplýsingar um örverur og efni sem geta verið í mjólk, um sýnatökustaði og um eftirlit með sýnatöku fyrirtækja. Hópurinn fyrirhugar að skila skýrslu í aprílmánuði 2005.

NIÐURGANGSPEST Í HVOLPUM

Í ágúst mánuði barst ábending frá sjálfstætt starfandi dýralækni um aukna tíðni alvarlegra niðurgangstilfella hjá hvolpum. Hvolparnir voru mikið veikir og dánartíðni var nokkuð há. Einkenni bentu mjög til að um smáveirusótt (parvóveiru) væri að ræða og áhyggjur manna beindust að því að bóluefni væri hugsanlega gallað, þar sem margir hvolpanna höfðu verið bólusettir gegn smáveirusótt.

Yfirdýralæknir brást við þessari ábendingu með því að óska eftir að dýralæknar sendu upplýsingar um tilfelli til sóttvarnadýralæknis á sérstökum eyðublöðum og sýni að Keldum sem rannsökuð yrðu á kostnað embættisins á meðan verið væri að kanna orsök og útbreiðslu veikinnar.

Upplýsingar um 29 tilfelli sem komu upp á tímabilinu júlí til september bárust til sóttvarnadýralæknis. Fjögur hræ bárust til Keldna til krufningar og 19 saursýni sem voru m.a. rannsökuð m.t.t. smáveirusóttar. Ellefu þeirra reyndust vera jákvæð m.t.t. parvóveiru en 12 reyndust vera neikvæð. Líklegt er að nokkuð stór hluti af hvolpunum sem reyndust vera neikvæðir hafi samt sem áður verið með smáveirusótt, þar sem sjúkdómseinkenni voru dæmigerð. Oft var magn sýnis mjög lítið sem getur verið skýring á neikvæðri niðurstöðu rannsókna.

Engin augljós tengsl fundust við ákveðna staði en greinilegt var að hundar sem veiktust höfðu nýlega verið á stöðum þar sem margir hundar koma saman, s.s. á dýralæknastofum, hundahótelum, hjá ræktendum o.s.frv. Engin tengsl fundust heldur við tegund eða lotunúmer bóluefnis. Þar af leiðandi var dregin sú ályktun að líklega hefði verið um óvenju mikið smítalag að ræða á þessum tíma. Hundaeigendur voru því hvattir til að láta bólusetja hunda sína.

NORRÆNT SAMSTARF

◆ Áhættumat vegna heilbrigðisskoðunar á sláturafurðum

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar er að störfum vinnuhópur sem fjallar um endurmat á framkvæmd heilbrigðisskoðunar sláturafurða. Hluti af þessari vinnu er í höndum annars hóps sem fjallar um áhættumat vegna heilbrigðisskoðunar sláturafurða. Fyrsti fundur hópsins var haldinn í Oslo í apríl 2004. Ákveðið var að skipta verkefninu í eftirtalda fjóra þætti: 1. Áhættumat varðandi *Toxoplasma gondii* í sláturafurðum. 2. Áhættumat varðandi salmonellu í sláturafurðum. 3. Áhættumat varðandi *Yersinia enterocolitica* í sláturafurðum. 4. Áhættumat varðandi STEC (*E. coli* bakteríur sem framleiða shigatoxin) í sláturafurðum. Fyrir hvern þátt er áætlað að halda tveggja daga málstofu með helstu sérfræðingum á viðkomandi sviði. Málstofa um *Toxoplasma* var haldin í Oslo 30. nóvember til 1.

desember 2004. Málstofa um salmonellu verður haldin í Danmörku í maí 2005. Áætlað er að ganga frá endanlegri skýrslu um verkefnið árið 2006. Í tengslum við þetta verkefni var sótt um styrk til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til rannsókna á *Toxoplasma* í íslensku lambakjöti. Í lok ársins hafði ekki borist svar frá sjóðnum. 450 sýni voru tekin í tengslum við haustslátrun en þau biða rannsókna.

◆ **Æfing í viðbrögðum við smitsjúkdómum**

Norræna ráðherranefndin veitti á árinu styrk til að skipuleggja og undirbúa samnorræna æfingu í viðbrögðum við smitandi búfjárjúkdómi. Sótt var um styrkinn að frumkvæði yfirdýralækna á Norðurlöndunum. Skipaður var norrænn undirbúningshópur með einum fulltrúa frá hverju landi og kom hann saman tvisvar sinnum á árinu. Í kjölfarið var skipaður undirbúningshópur hér á landi sem fundaði einu sinni á árinu. Æfingin verður haldin í septembermánuði 2005.

◆ **Zoonosumiðstöðvar (súnumiðstöðvar)**

Á Norðurlöndunum, að Íslandi undanskildu, eru starfræktar miðstöðvar sem fjalla um súnur (zoonosur) (smitsjúkdóma sem borist geta á milli manna og dýra). Hér á landi er ekki starfrækt slík miðstöð en stjórnskipuð nefnd um sóttvarnir (SSUS), sem í eiga sæti sóttvarnalæknir, yfirdýralæknir og fulltrúi Umhverfisstofnunar, fjallar að hluta til um þennan málaflokk. Forstöðumenn zoonosumiðstöðvanna /súnumiðstöðvanna halda sameiginlegan fund einu sinni á ári, þar sem þeir bera saman bækur sínar. Að þessu sinni var hann haldinn í Noregi 15.-16. apríl. Fjallað var um það sem efst er á baugi í hverju landi varðandi súnur en auk þess voru flutt sérstök erindi um öndunarfærasjúkdóma af völdum veira (þ.á.m. hæsnapest), hérasótt (tularemia), kampýlóbakter og sjúkdóma sem geta borist með blóðmaurum. Einnig var rætt um nýja reglugerð Evrópusambandsins um súnur.

◆ **Vestnordisk Forum**

Vestnordisk Forum er samráðshópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem í eiga sæti fulltrúar frá Noregi, Færeyjum, Íslandi, Grænlandi og Danmörku, sem starfa við eftirlit með matvælaframleiðslu í sínu landi. Hópurinn kemur saman einu sinni á ári og í þetta sinn var fundurinn haldinn í Nuuk á Grænlandi, 10.-14. júní 2004. Þema fundarins var innra eftirlit í matvælaframleiðslu. Fjallað var m.a. um stöðu þeirra mála í löndunum og einnig um nýja tilskipun Evrópusambandsins um tilhögun eftirlits með matvælum. Vinnuhópur var skipaður til að skrifa drög að leiðbeiningum fyrir eftirlitsaðila varðandi innra eftirlit í framleiðslu kindakjöts, sem ákveðið var að fjalla um á næsta fundi samráðshópsins sem haldinn verður í Færeyjum í júní 2005.

◆ **Ráðstefna um súnur**

Á vegum Norrænna dýralæknasamtaka (NKVet) var haldin ráðstefna í Svíþjóð, 7.-8. október 2004. Ráðstefnan bar yfirskriftina "Emerging Zoonoses – New Challenges". Þar var fjallað um smitsjúkdóma sem borist geta á milli manna og dýra og eru vaxandi vandamál á Norðurlöndunum.

EVROPSKT SAMSTARF

◆ **Riðuveiki í sauðfé**

SRTSE er verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu og hefur það að markmiði að kalla saman þá vísindamenn sem vinna að rannsóknum og eftirliti með riðuveiki í sauðfé og geitum. Fimmti fundur þessa verkefnis var haldinn í Sviss 1.-2. október 2004. Þema fundarins var notkun áhættumats við eftirlit með riðuveiki. Auk erinda um það efni var farið yfir stöðu mála varðandi riðuveiki í löndum Evrópu.

◆ Kúariða

Evrópusambandið bauð til fundar þann 7. desember þar sem kynnt var aðferð sem þróuð hefur verið til að leggja mat á þær upplýsingar sem fást með skimun vegna kúariðu í hverju landi, sem síðan má nota til að bæta eftirlitskerfi landsins og þar með auka líkur á að finna sjúkdóminn sé hann til staðar. Aðferðin á bæði við í löndum sem aldrei hafa greint kúariðu og í löndum þar sem sjúkdómurinn hefur fundist. Um er að ræða greiningarkerfi í formi töflureiknis, sem kallað er BSurvE.

▶ SKÝRSLUR SÉRGREINADÝRALÆKNA

Hér á eftir fylgja ársskýrslur eftirfarandi sérgreinadýralækna: dýralækna alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, júgursjúkdóma, loðdýrasjúkdóma og svínasjúkdóma. Skýrslu dýralæknis sauðfjár- og nautgripasjúkdóma er að finna í upphafi þessa kafla þar sem fjallað er um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma og Rannsóknadeild dýrasjúkdóma. Skýrslur dýralæknis heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða og dýralæknis innflutningseftirlits búfjárafurða er að finna annars vegar í kaflanum um matvælaöryggi og hins vegar í kaflanum um inn- og útflutning.

▶ ALIFUGLAR



Jarle Reiersen gegnir starfi dýralæknis alifuglasjúkdóma og hefur hann aðstöðu í Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum. Jarle er einnig alifuglaráðunautur.

SJÚKDÓMAR OG EFTIRLIT

Salmonella

Samkvæmt reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum, með áorðnum breytingum er skylt að senda sýni úr kjúklingum til gerlarannsóknar. Sýni eru ræktuð með tilliti til salmonellu og kampýlóbakter.


Salmonella java greindist í einum kjúklingaeldishópi af samtals 589 eldishópum, eða 0,17%, á síðastliðnu ári. Auk þess greindist *S. typhimurium* í slátursýnum úr tveimur kjúklingasláturhópum og *S. worthington* í slátursýnum úr einum kjúklingaeldishópi.

Kampýlóbakter

Árið 2004 greindist kampýlóbakter í samtals 60 eldishópum af 589, eða 10,2% (8,6% árið 2003). Hlutfall kampýlóbakter-jákvæðra sláturhópa mælt í botnlangasýnum teknum við upphaf slátrunar var 128 af 655, eða 19,2% (16,7% árið 2003), og hlutfall jákvæðra sláturhópa mælt í hálsaskinum (fyrstu 9 mánuði árs) teknum við lok slátrunar voru 91 af 508, eða 17,9% (16,0% árið 2003) (sjá mynd á næstu síðu). Á síðastliðnu ári varð aukning í magni mengaðs kjúklingakjöts frá afurðastöðvunum og hefur því farið meira ferskt mengað kjöt á markað en árið áður. Skylt er að frysta afurðir frá eldishópum sem reynast kampýlóbakter jákvæðir.


Frá og með 1. október sl. var slátursýnum úr kjúklingum fækkað úr 4x10 botnlangasýnum í 2x10. Á sama tíma var hætt að rannsaka hálsaskinnssýni.

Salmonella í kjúklingum 1993-2004 (eldissýni)



(Sýni rannsókuð á sýkladeild Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði á Keldum og hjá Sýni ehf.)

Kampýlóbakter í kjúklingum 1999-2004 (sýni úr eldi, botnlangum og hálsaskinnu)



(Sýni rannsókuð á sýkladeild Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði á Keldum og hjá Sýni ehf.)

Í júní 2004 var yfirlit yfir niðurstöður botnlangasýna úr sláturhópum birt á vef embættis yfirdýralæknis og hefur það verið uppfært mánaðarlega.

Kampýlóbakter í mönnum

Kampýlóbaktærsýkingar í mönnum nær tvöfölduðust árið 2004 miðað við árið á undan. Frá árinu 1999 hefur innlendum tilfellum í mönnum fækkað um 71%, en kampýlóbaktærsýkingum í heild hefur fækkað um 63%. Tilfellum hefur fækkað bæði vegna innlands smits og erlends smits og var heildarfjöldi tilfella í mönnum árið 2004 um 55,6 tilfelli pr. 100.000 íbúa (31,3 tilfelli árið 2003).

Aðrar dýrategundir

Kampýlóbakter greindist reglulega í kalkúnum, öndum, gæsnum, varphænum, villtum fuglum og öðru búfé.

Bólusetningar

Bólusetningu gegn hæsnalömun var haldið áfram með sama hætti og árið áður og virðist sem við höfum náð tókum á þessum sjúkdómi með bólusetningu. Samtals voru seldir 154.000 skammtar árið 2004 (227.000 skammtar 2003). Bólusetning gegn blávængjaveiki (CAV) var einnig með hefðbundnu sniði á árinu. Eingöngu voru bólusettir holdastofnar sem reynast ekki vera með mótefni gegn CAV við 14-16 vikna aldur. Samtals voru seldir 7.000 skammtar (9.000 skammtar 2003).

INNFLUTNINGUR ALIFUGLA

Á árinu 2004 voru flutt inn egg af Ross-holdastofni frá Svíþjóð (7 sinnum) og Lohman-varpstofni frá Noregi (einu sinni). Lohmann-varpstofninn var að hluta til af hænum sem koma til með að verpa brúnum eggjum. Auk þess voru einu sinni flutt inn egg af kalkúnastofni frá Bretlandi og þrisvar voru flutt inn andaregg. Kalkúna- og andastofnar voru hafðir í einangrun í 16 vikur en einangrunartími er annars 8 vikur fyrir holda- og varpstofna. Framkvæmd innflutnings var með svipuðu sniði og árið áður og gekk innflutningur á heildina lítið mjög vel, lítið var um vanhöld og kjúklingarnir voru mjög hraustir.

FUNDIR OG VERKEFNI

Rannsóknarverkefni

- ◆ Dýralæknir alifuglasjúkdóma er verkefnisstjóri á Íslandi fyrir samvinnuverkefnið "Risk Assessment for Transmission of Campylobacter to Broiler Operations". Verkefnið er unnið í samstarfi við Norman Stern og Kelli Hielt, Bandaríkjunum, Ruff Lowman et al., Kanada og Eva Berndtson, Svíþjóð. Hérlendis koma Sýklafraeðideild Landspítalans, sóttvarnarlæknir, Sýkladeild Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum og Hollustuvernd ríkisins að verkefninu auk embættis yfirdýralæknis. Eyrún Gunnarsdóttir vann að verkefninu til 30. nóvember sl. en Sveinbjörg Björnsdóttir leysti af í sumarfríinu. Viðfangsefni aðstoðarmanna hafa verið að safna sýnum og faraldsfræðilegum upplýsingum en þeirri vinnu lauk árið 2004.

Fundir og námskeið

- ◆ Vinnufundur, embætti yfirdýralæknis, Þingvellir, 30.-31. janúar 2004.
- ◆ Námskeið í viðbrögðum við smitsjúkdómum, Garðabær/Hvanneyri, 18.-20. mars 2004.
- ◆ *Vísindadagur á Keldum*, Reykjavík, 30. apríl 2004.
- ◆ *Studiedag Pluimveegezondheid en Veiligheid van Pluimveevlees*, Animal Science Group, Lelystad, Hollandi, 2. september 2004.
- ◆ *Avian Influenza Simulation Exercise*, Bögöte, Ungverjalandi, 6.-10. september 2004.
- ◆ *Safe and wholesome food – Nordic reflections*, Reykjavík, 14.-15. október 2004.
- ◆ *Swedish Seminar on Possibilities for Campylobacter Risk Management*, Stókkhólmur 28.-29. október 2004.
- ◆ *Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál 1999 – 2004*, málþing og kynning á Rannís-verkefnum, Reykjavík, 11. nóvember 2004.
- ◆ *COST 839 on Immunosuppressive Viral Diseases*, final meeting, Barcelona, 24.-28. nóvember 2004.

Erindi

- ◆ *Alifuglasjúkdómar*, vinnufundur yd, Þingvellir, 30. janúar 2004.
- ◆ *Fuglaflensa – er hættu á ferð?*, fræðslufundur á Keldum, 19. febrúar 2004.
- ◆ *Campylobacter í tvífætlingum*, Vísindadagur á Keldum, Reykjavík, 30. apríl 2004.
- ◆ *Icelandic experiences on Campylobacter in humans and poultry*, Studiedag Pluimveegezondheid en Veiligheid van Pluimveevlees, Animal Science Group, Lelystad, Hollandi, 2. september 2004.
- ◆ *Campylobacter in humans and broilers in Iceland*, Swedish Seminar on Possibilities for Campylobacter Risk Management, Stokkhólmur 28.-29. október 2004.
- ◆ *Campylobacter í kjúklingum – íhlutandi aðgerðir*, Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál 1999 – 2004, kynning á Rannís-verkefni, Reykjavík, 11. nóvember 2004.

Veggspjöld

- ◆ J. Reiersen, H. Briem, H. Harðardóttir, E. Gunnarsson, F. Georgsson, K. Kristinsson: *Human campylobacteriosis epidemic in Iceland 1998-2000 and longterm effects*, Vísindadagur á Keldum, Reykjavík, 30. apríl 2004.
- ◆ S. Hjartardóttir, E. Gunnarsson, V. Friðriksdóttir, K. Birgisdóttir, S. Bjarnadóttir, G. Jónsdóttir, N. Stern, J. Reiersen: *Comparison of two methods for isolation of Campylobacter spp. in poultry*, Vísindadagur á Keldum, Reykjavík, 30. apríl 2004.
- ◆ J. Reiersen, H. Briem, H. Harðardóttir, E. Gunnarsson, F. Georgsson, K. Kristinsson: *Human campylobacteriosis epidemic in Iceland 1998-2000 and longterm effects*, Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál 1999 – 2004, kynning á Rannís-verkefni, Reykjavík, 11. nóvember 2004.
- ◆ S. Guðmundsdóttir, H. Harðardóttir, E. Gunnarsson, F. Georgsson, J. Reiersen: *Comparison of Campylobacter jejuni isolates from humans, food and animals in Iceland using Pulsed-Filed Gel Electrophoresis (PFGE)*, Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál 1999 – 2004, kynning á Rannís-verkefni, Reykjavík, 11. nóvember 2004.

Greinar

- ◆ V. Friðriksdóttir, E. Gunnarsson, G. Jónsdóttir, K. Ástrádsdóttir, K. Birgisdóttir, S. Bjarnadóttir, S. Hjartardóttir, J. Reiersen: *Campylobacter í kjúklingum – getur hænna smitað eggjð/ungann?* Ágrip, Vísindadagur á Keldum, 30. apríl 2004, bls. 27.
- ◆ J. Reiersen, H. Briem, H. Harðardóttir, E. Gunnarsson, F. Georgsson, K. Kristinsson: *Campylobacter-faraldur í mönnum á Íslandi 1998-2000 og varanleg áhrif aðgerða*, Ágrip, Vísindadagur á Keldum, 30. apríl 2004, bls. 28.
- ◆ V. Friðriksdóttir, E. Gunnarsson, G. Jónsdóttir, K. Ástrádsdóttir, K. Birgisdóttir, S. Bjarnadóttir, S. Hjartardóttir, J. Reiersen, R. Lowman, K. Hiett, K. Callicott, N. J. Stern: *Campylobacteriosis in chicken in Iceland – is vertical transmission of infection taking place?* Abstract, Emerging Zoonoses – New Challenges, 18th NKVet Symposium, October 7-8, 2004, bls. 27.
- ◆ V. Friðriksdóttir, E. Gunnarsson, G. Jónsdóttir, K. Ástrádsdóttir, K. Birgisdóttir, S. Bjarnadóttir, S. Hjartardóttir, J. Reiersen, R. Lowman, K. Hiett, K. Callicott, N. J. Stern: *Faraldsfræði Campylobacter smits í kjúklingum. Getur hænna smitað eggjð/ungann?* Ágrip, Læknabalaðið/Fylgirit 50 (2004), **90**, bls. 25-26.
- ◆ S. Hjartardóttir, V. Friðriksdóttir, S. Bjarnadóttir, G. Jónsdóttir, K. Ástrádsdóttir, E. Gunnarsson, J. Reiersen: *Greining Campylobacter smits í saur alifugla, samanburður á PCR tækni og hefðbundnum ræktunaraðferðum*. Ágrip, Læknabalaðið/Fylgirit 50 (2004), **90**, bls. 107.

Erlendir gestir í heimsókn

- ◆ Norman Stern, Ruff Lowman og Michel Guerin, heimsókn tengd samstarfsverkefninu um Campylobacter, 7.-16. júní 2004.

► FISKELDI

Gísli Jónsson gegnir starfi dýralæknis fiskisjúkdóma og hefur hann aðsetur á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði á Keldum.



Árið 2004 var fiskeldinu þungt í skauti, ekki ólíkt og hjá öðrum útflutningsgreinum. Helsta ástæðan var óhagstætt gengi erlendra gjaldmiðla sem máttu sín lítils í samkeppni við sterka íslenska krónu. Tíðarfar var óvenju gott og hitaskilyrði til eldis í sjókvíum var hagstætt. Framleiðsla á laxi til slátrunar jókst um 90% á milli ára þar sem kröftug uppbygging í Mjóafirði vó þyngst. Framleiðsla á bleikju dróst nokkuð saman á árinu og er það í fyrsta sinn frá upphafi bleikjueldis sem það gerist. Orsakavaldur þess er nýrnaveikismit sem kom illa við tvær stærstu bleikjueldisstöðvarnar. Eldi annarra tegunda gekk að mestu eftir áætlun.

ALMENNT UM HEILBRIGÐISÁSTAND

Heilbrigði eldisfiska og annarra eldislagardýra var almennt með ágætum árið 2004 og fá alvarleg sjúkdómatilfelli komu upp. Það sem stendur upp úr er nýrnaveiki sem átti upptök sín að rekja til villtra laxaseiða. Smit náði að dreifast með frískum smitberum til þriggja annarra eldisstöðva áður en böndum var komið á veikina. Sjúkdómurinn bitnaði hvað harðast á eldi bleikju því öll dreifing seiða og erfðaefnis frá annarri tveggja kynbótastöðva landsins lá niðri um tíma á meðan útrýming stóð yfir.

ÚTFLUTNINGUR SEIÐA OG ERFÐAEFNIS FISKA

Í skjóli einstakrar sjúkdómastöðu varð framhald á útflutningi laxfiskahrogna og lúðuseiða á liðnu ári. Þá bættist einnig við útflutningur á þorskseiðum og ungvíðis sæeyrna árið 2004. Líta ber á allan útflutning lifandi fiska og erfðaefnis sem mikinn styrk fyrir íslenskt fiskeldi. Fluttir voru út hátt í 2 þúsund lítrar af hrognum til Chile, Írlands, Skotlands, Kanada og Austurríkis auk talsverðs fjölda lúðuseiða, þorskseiða og sæeyrna eins og sjá má hér að neðan. Með hverri sendingu er krafist heilbrigðisvottorða í takt við skilyrði í hverju landi.

ELDI SJÁVARTEGUNDA

Lúðueldi gekk bæmilega á árinu og voru alls framleidd um 400 þús. lúðuseiði á Hjalteyri. Þetta er að vísu töluverður samdráttur frá árinu á undan sem skýrist að mestu af lélegum seiðamörkuðum erlendis sökum rekstrarörðugleika. Þetta stendur þó til bóta og hefur fyrirtækið tryggt sér góða seiðasölusamninga næstu árin. Framhald varð á útflutningi lúðuseiða sem hófst árið 1999 og fóru tæp 305 þús. seiði til Noregs, 24 þús. seiði til Kína og rúm 23 þús. stórseiði til Skotlands.

Sandhverfa þykir álitleg eldistegund við íslenskar aðstæður og er áframeldi stundað hjá Silfurstjörnunni og Sæbýli í Vogum. Klakfiskur er alinn hjá Hafró við Grindavík og tókst bæmilega til með seiðaeildi á liðnu ári. Afrakstur varð alls um 100 þús. seiði sem er nokkur samdráttur miðað við tvö undanfarin ár.

Þorskseiðaeildi gekk vel á liðnu ári á vegum Hafró við Grindavík. Árið 2004 voru klakin og alin um 220 þús. seiði, sem nægir til að svara eftirspurn markaðarins. Þá voru um 5.000 úrvalseiði valin úr árgangi 2003 sem er upphafið að klakstofni til kynbótastarfs í framtíðinni. Fyrsti útflutningur á þorskseiðum átti sér stað í júní 2004 þegar 30 þús. seiði (180 gr.) fóru til Hjaltrandseyja. Veiði villtra seiða til áframeldis jókst

umtalsvert 2004, en þá voru veidd um ein milljón smáseiða. Áframeldi á þorski í kvíum var stundað á um 15 stöðum í kringum landið á liðnu ári með ágætum árangri.

Hlýri hefur verið alinn í tilraunaskyni á Neskaupsstað síðan 2001. Klakstofn af villtum uppruna telur nú um 200 fiska og undan honum hafa fengist tæp þúsund seiði. Óvíst er um framhald þessara tilrauna en þær hafa kastað ljósi á ýmis vandamál sem þarf að leysa áður en kemur að alvöru eldi.

Eldi **sæeyrna** gekk bærilega á árinu, en það hefur verið stundað hjá Sæbýli í Vogum síðan 1994 og Haliotics á Hauganesi við Eyjafjörð síðan vorið 2002. Útflutningur á lifandi ungdýrum, sem hófst í lok árs 2003, hélt áfram á liðnu ári. Samtals voru flutt út um 283.000 smádýr (10-40 mm) til Kanada, Namibíu og Ítalíu.

Kræklingarækt hefur hægt og sigandi undið upp á sig síðan núverandi uppbygging hófst 1997. Árið 2004 stunduðu 5 fyrirtæki tilraunarækt á um 11 stöðum allt í kringum landið með Norðurskel í Eyjafirði í fararbroddi. Ef tekst að aðlaga ræktunartæknina að íslenskum aðstæðum gæti kræklingarækt orðið hliðarbugrein sjávarbænda en mörg ljón eru þó í veginum. Tilraunum varð að hætta í Arnarfirði á liðnu ári sökum kadmíum-mengunar af ókunnum orsökum og þá hefur æðarfugl valdið ómældu tjóni.

HELSTU SJÚKDÓMAR Í FISKELDI ÁRIÐ 2004

Hitraveiki (*Vibrio salmonicida*) er haldið niðri með öflugum bóluefnum og greindist hvergi sem nýsmit á liðnu ári.

Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida* ssp. *achromogenes*) var í flestum tilfellum til friðs á liðnu ári ef frá er skilið þorskeldi. Bakterían hefur færst nokkuð í aukana eftir því sem þorskeldi hefur vaxið að umfangi síðustu þrjú árin. Nýsmit var staðfest í sex tilfellum á liðnu ári; eitt tilfelli í ungum laxaseiðum, tvö í þorskseiðum í strandeldi og þrjú í áframeldisþorski í sjókvíum. Í öllum tilfellum var um óbólusettan fisk að ræða. Enn hefur ekki tekist að þróa fullvirkt bóluefni gegn sjúkdómnum í þorski en greinilegt er að þörfin er orðin aðkallandi eftir því sem umfang eldisins hefur aukist. Bakterían greinist ár hvert úr stöku villtum fiski í laxveiðiám allt í kringum landið.

Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*) kom upp sem nýsmit í 3 eldisstöðvum í upphafi ársins 2004. Smitkveikjan átti rætur að rekja til villtra laxaseiða sem alin voru í fjórðu stöðinni (nýsmit 2003) og átti smitdreifing sér stað með flutningi frískra smitbera áður en böndum varð komið á veikina. Vel tókst til með aðgerðir og í dag teljast tvær þessara stöðva hreinar (ásamt upprunastöðinni) en sú þriðja vinnur enn að útrýmingu vegna stærðar. Þá fannst dulið smit í 35 hrygnum úr 6 laxveiðiám, sem er kröftug aukning miðað við undanfarin ár og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfið viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota á liðnum áratugum.

Rauðmunnaveiki (*Yersinia ruckeri*) kom hvergi upp sem nýsmit á liðnu ári en greindist þó í einstaka fiski í þremur eldisstöðvum þar sem smit hafði komið upp 2003. Bólusetningarherferð sem hófst 2003 er að skila góðum árangri.

Vetrarsár (*Moritella viscosa*) voru hvergi greind sem nýsmit á liðnu ári. Bakterían er þó hluti umhverfis einstakra eldisstöðva og á síðasta ári var smit staðfest í tveimur slíkum stöðvum án þess þó að vera til vandræða enda fiskurinn vel bólusettur.

Vibríuveiki (*Listonella (Vibrio) anguillarum*), sem í fyrsta sinn var staðfest í fiski (þorski) hér á landi 2001, kom upp sem nýsmit í þremur tilfellum árið 2004. Í tveimur þeirra var um áframeldi á þorski í sjókvíum að ræða, annars vegar á villtum undirmálsþorski og hins vegar á seiðum (300 gr.) af eldisuppruna. Bæði tilfelli komu upp við aðstæður þar sem sjávarhiti var orðinn óeðlilega hár í lok sumars, eða allt að 15°C. Þriðja tilfellið kom upp í sandhverfuseiðum (5-10 gr.) í strandeldi og er þetta í fyrsta sinn sem sjúkdómurinn er staðfestur í þeirri fisktegund hér á landi.

Withering syndrome af völdum rickettsía-bakteriar (*Candidatus Xenohaliotis californiensis*) var í fyrsta sinn staðfest í sæeyra hér á landi vorið 2004. Sjúkdómurinn er á lista Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar í París (OIE) og var henni tilkynnt formlega þegar greining var endanlega staðfest þann 11. júní. Þrátt fyrir sýkingu hafa dýrin aldrei sýnt sjúkdómseinkenni, smitefnið virðist halda sig á einskonar dvalarstigi og án þess að skaða meltingarveg dýranna. Sýnt þykir að smit hefur borist hingað til lands með innfluttum sæeyrum frá Kaliforníu strax í árdaga eldisins hér á landi árið 1988. Hér er því enn eitt skólabókardæmið um þann veikleika sem ávallt fylgir flutningi lifandi dýra á milli landa.

Sveppasýking (*Ichthyophonus hoferi*) greindist í um 16% klaklaxa sem notaðir voru til undaneldis í einni sunnlenskri á haustið 2004. Einkennin eru gráir eða hvítleitir hnútar í innri líffærum sem svipar mjög til þeirra einkenna er nýrnaveikibakterían veldur.

Snikjudýrin *costia (Ichthyobodo necator)* og *Trichodina* sp. eru algeng vandamál í fiskeldi, á öllum stigum og árstíðum. Alls voru skráð átta alvarleg costíutilfelli á liðnu ári, sex í laxaseiðum og tvö í bleikju. *Trichodina* olli tjóni í sex skráðum tilfellum, fimm í bleikju og eitt í sandhverfu.

Náið er fylgst með þróun mála er varðar **laxa-** og **fiskilús**. Eftir fjölda sýnataka í sjókvíaeldi á liðnum árum er niðurstaðan sú að þar sem lúsin á annað borð er til staðar er fiskilúsin (*Caligus* sp.) nánast einráðandi. Fiskilús er mun minni en laxalús og veldur ekki sárum á kvíafiski en getur þó verið hvímeið og valdið óþarfa áreiti.

Af öðrum snikjudýrum er það helst að fréttu að agðan *Gyrodactylus* sp. var greind í talsverðum mæli á roði eldishlýra (250 gr.). Þá koma nokkrar tegundir við sögu í þorskeldi sem ástæða er til að gefa góðan gaum, s.s. frumdýrið *Loma* sp. og krabbadýrið *Lernaecocera branchialis*. Sérfræðingar á Keldum vinna að verkefni þar sem skoðuð er útbreiðsla og mikilvægi þessara snikla m.t.t. framtíðar þorskeldis.

Umhverfistengd afföll voru ekki mjög áberandi árið 2004. **Marglyttur**, með brennihveljuna *Cyanea capillata* í fararbroddi, héldu innreið sína í austfirsku firði upp úr miðjum ágúst og voru erfiðar viðfangs í einar þrjár vikur, án þess þó að valda teljandi tjóni. Eldismenn hafa komið upp umfangsmiklum varnargirðingum (16.000 m²) byggðum á háprýstilofti sem lítur út fyrir að hrífa vel. **Loftbóluveiki**, sökum yfirmettunar gastegunda, kom upp í tvígang á árinu. Í fyrra tilfallinu varð nokkuð tjón í eldi bleikjuseiða og í því seinna í eldi sandhverfuseiða. **Seltuópol** varð vart hjá regnbogasilungi sem alinn var sitt annað ár í sjókvíum og smá afföll því tengdu, en regnbogi er að upplagi ferskvatnstegund. **Svifþörungur** sem voru með almesta móti árið á undan sáust nánast ekki á árinu þrátt fyrir hagstæð skilyrði í sjó. Borið hefur á gráma í augum (katarakt) einstakra hópa þorskseiða af eldisuppruna. Orsökina er erfitt að staðfesta en til greina koma ýmsir umhverfis- og næringartengdir þættir.

Engar **veirur** greindust í þeim 932 sýnum sem bárust Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum árið 2004, né í 90 sýnum sem send voru til Noregs eða 88 sýnum sem send voru til Danmörku. Þá hafa heldur engar sérstakar grunsemdir eða einkenni í eldisdýrum vaknað sem rekja mætti til veirusýkinga.

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í íslensku fiskeldi og er notkun þeirra á stöðugri niðurleið. Árið 1999 hófst skipulegt og árlegt eftirlit með lyfjaleifum í sláturfiski skv. tilskipun ESB og hafa öll sýni reynst hrein frá þeim tíma.

DÝRAVERND

Á árinu 2004 lauk tveimur erfiðum dýraverndarmálum frá árinu á undan, bæði sökum vanfóðrunar og slæmrar umhirðu í kjölfar gjaldþrota. Öllum eldisfiski var fargað og eytt. Ekkert nýtt dýraverndarmál kom upp.

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA (ESA)

Fulltrúar ESA komu í fjögurra daga heimsókn og tóku út eftirlit dýralæknis fisksjúkdóma með fiskeldi í lok september 2004. Í heildina kom úttektin vel út eins og sjá má í skýrslu úttektaraðila sem birt er á heimasíðu ESA. Þess má geta að þetta var fyrsta úttekt með eftirliti fisksjúkdóma sem framkvæmd er innan allra ESB og EFTA landanna.

RÁÐSTEFNUR, NEFNDASTÖRF OG FRÆDSLUSTARFSEMI

Dýralæknir fisksjúkdóma hélt fyrirlestra um fisksjúkdómamál m.a. fyrir nemendur Hólaskóla, norska fisksjúkdómafræðinga og sérfræðinganevnd á vegum ESB á liðnu ári. Í apríl var sóttur vinnufundur til Óslóar þar sem unnið var að endurskoðun laga um fisksjúkdóma innan EES-svæðisins og í tengslum við þá vinnu var lokafundur verkefnisins haldinn í Brussel í desember. Dýralæknir fisksjúkdóma var gestur stjórnarfundar Landssambands veiðifélaga í apríl, sótti fjölmenna ráðstefnu um fiskeldi á Hótel Loftleiðum í október og sat nokkra fundi á vegum landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar Alþingis vegna laga- og reglugerðasetninga. Þá var dýralæknum, fisksjúkdómafræðingum og fiskeldismönnum sem heimsóttu okkur frá Danmörku, Bretlandi, Noregi og Kanada flutt fræðsla um íslenskt fiskeldi.

Dýralæknir fisksjúkdóma sinnti ýmsum opinberum nefndastörfum á liðnu ári, m.a. formannsstarfi dýralæknaráðs, ritara- og ráðgjafastarfi hjá fisksjúkdómanefnd og sat í nefnd um endurskoðun laga um innflutning dýra. Þá tók dýralæknir fisksjúkdóma þátt í smíðum reglugerða, m.a. um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Í lokin má nefna þátttöku í verkefnum og samráðsfundum á vegum embættis yfirdýralæknis, þar sem vinnufundur á Þingvöllum síðustu helgina í janúar og viðbragðsæfing vegna alvarlegra smitsjúkdóma á Hvanneyri 18.- 20. mars ber hæst.

► HROSS

Sigríður Björnsdóttir gegnir starfi dýralæknis hrossasjúkdóma og hefur hún aðsetur í Hjaltadal.

SJÚKDÓMAR Í HROSSUM ÁRIÐ 2004



Nokkuð bar á smitsjúkdómum í íslenskum hrossum á árinu þó svo ekki væri um að ræða faraldra hættulegra sjúkdóma.

Herpesveirusýking í folöldum

Í febrúar var tilkynnt um hósta og hita í folöldum og trippum á bæ á Skeiðum í Árnessýslu. Við rannsókn á Tilraunastöðinni á Keldum kom í ljós að um var að ræða sýkingu af völdum Herpesveiru, týpu 2 (*Equine Herpesvirus type 2*) sem veldur alla jafna vægum einkennum frá öndunarvegi. Sýnt hefur verið fram á að veira þessi er landlæg hér á landi en sýkinga af hennar völdum verður nær eingöngu vart hjá ungum hrossum á húsi.

Augnsýking af völdum adenóveiru

Í apríl fór að bera á augnsýkingu í hrossum sem greinilega var smitandi. Fyrstu tilfellin voru í Borgarfirði en fljótlega breiddist sjúkdómurinn út um Reykjavíkursvæðið og Suðurland. Sjúkdómsins varð einnig vart á Norðurlandi. Rannsóknir á Veirudeild Landspítalans leiddu í ljós að sýkingin var að öllum líkindum af völdum hesta-adenóveiru, týpu 1 (*Equine Adenovirus type 1*). Veirutegund þessi hefur ekki áður greinst í hrossum hér á landi og miðað við hversu hratt sýkingin breiddist út verður að teljast afar líklegt að hún hafi verið að berast til landsins í fyrsta sinn. Veiran veldur vægri sýkingu í slímhimnu augnanna sem gengur alla jafna yfir á nokkrum dögum. Ekki var tilkynnt um alvarlegar aukaverkanir og ekkert bendir til þess að sýkingin skilji eftir sig varanleg mein í augum hrossa. Í ljósi þessa var ákveðið að grípa ekki til neinna aðgerða til að hindra útbreiðslu sjúkdómsins en eigendum ráðlagt að fylgjast vel með hrossunum og hlífa þeim við álagi á meðan sýkingin væri að ganga yfir. Sjúkdómurinn er ekki tilkynningarskyldur til Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, OIE, enda er veiran landlæg víða um heim. Sjúkdómurinn hafði því ekki áhrif á útflutning hrossa. Hér var engu að síður um að ræða áminningu um að alvarlegri sjúkdómar geta borist til landsins takist ekki að halda uppi öflugum smitvörnum.

Streptókokkasýking í folöldum

Vart varð við sýkingar af völdum bakteríunnar *Streptococcus zooepidemicus* í folöldum í a.m.k. einu stóðhestahólf. Sýkingin getur haft töluverð almenn áhrif á folöld auk þess að valda því að eitlar í hálsi grafi út. Nauðsynlegt er að dýralæknar séu á varðbergi gagnvart þessum sýkingum og sendi sýni til ræktunar ef grunur vaknar.

Miltisbruni

Miltisbruni var staðfestur á bæ á Vatnsleysuströnd í desember þar sem þrjú hross drápust og því fjórða var lógað. Sýkingarhættan reyndist bundin við tiltekið hrossahólf en ekki var hægt að ákvarða með fullri vissu uppsprettu smitsins. Héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósaukdæmis stjórnaði öllum viðbrögðum og förgun hræja og er ekki talin ástæða til að óttast að smitefnið hafi náð að dreifa sér.

Aðrir sjúkdómar

Tillaga dýralæknis hrossasjúkdóma um aðgerðir til að lækka tíðni á spatti í íslenskum hrossum var samþykkt í Fagráði í hrossarækt og kemur til framkvæmda næsta vor. Skylt verður að mynda hækla á

stóðhestum áður en þeir koma í kynbótadóm 5 vetra eða 6 vetra hafi þeir ekki verið myndaðir áður. Myndatakan mun fara fram hjá sjálfstætt starfandi dýralæknum en til að tryggja samræmi í aflestri verður myndgreiningin á ábyrgð dýralæknis hrossasjúkdóma. Upplýsingar um liðheilbrigði flötu liða hækilsins verða gerðar opinberar í gagnagrunninum Veraldarfeng. Hrossaræktendur eru hvattir til að láta skoða tilvonandi kynbótahryssur með tilsvarandi hætti. Með þessu móti er gert ráð fyrir að hægt sé að draga verulega úr tíðni sjúkdómsins.

Samræmd skráning hrossasjúkdóma hefur að öðru leyti ekki komist í gagnið en unnið er í því máli.

DÝRAVERND

Dýralæknir hrossasjúkdóma á sæti í nefnd sem vinnur að endurskoðun reglugerðar um aðbúnað hrossa. Dýralæknir hrossasjúkdóma hafði ásamt héraðsdýralækni Suðurlands eftirlit með dýravernd á Landsmóti hestamanna á Hellu 2004. Eftirlit þetta er afar erfitt þar sem mikill fjöldi hrossa kemur til sýninga og keppni og fastmótaðar vinnureglur eru ekki til. Samkvæmt skýrslu frá Dýralæknamiðstöðinni ehf. á Hellu, sem annaðist dýralæknavakt á mótinu, voru skráð 14 tilfelli þar sem þörf var á meðhöndlun en þar sem aðrir sjálfstætt starfandi dýralæknar sinntu einnig læknishjálpi á mótinu má reikna með að tilfelli hafi verið fleiri. Samkvæmt skráningu fótaskoðunarmanna á kynbótasýningum var nokkuð mikið um að hross væru með særindi í munni og skaða vegna ágripa að sýningum loknum. Þessari skráningu hefur hrossaræktin komið á að eigin frumkvæði og veitir hún knöpum nokkurt aðhald og hvetur til aðgæslu og vandaðrar reiðmennsku. Að mati dýralæknis hrossasjúkdóma er þörf á skýrari reglum til að tryggja dýravernd á hestasýningum hér á landi og mikilvægt að þær verði komnar í gagnið fyrir næsta Landsmót.

Lyfjapróf voru tekin úr þremur hrossum sem lentu í úrslitum í gæðingakeppni en engin slík sýni voru tekin úr kynbótahrossum. Áriðandi er að koma á lyfjaprófum hjá kynbótahrossum.

RANNSÓKNARVERKEFNI

◆ Kortlagning erfðamarka sem tengjast sumarexemi í hrossum

Nú er lokið fyrsta áfanga rannsóknarverkefnis sem miðar að því að finna erfðamörk eða litningasvæði sem líklegt er að beri gen sem hafa áhrif á veikleikann fyrir sumarexemi. Verkefnið var unnið í samvinnu við erfðafræðideild Animal Health Trust í Newmarket. Blóðsýni voru tekin úr hrossum sem flutt höfðu verið til Skandinavíu og Þýskalands a.m.k. tveimur árum fyrir rannsóknina. Erfðaefnið var einangrað og leitað að breytileika í dreifingu erfðamarka (Whole Genome Scanning) milli hrossa sem voru með sumarexem og þeirra sem ekki höfðu fengið sjúkdóminn. Til viðbótar var skoðað hvort 10 tiltekin gen sem þekkt er að tengist ofnæmissjúkdómum í mönnum og öðrum dýrategundum hafi áhrif á veikleikann fyrir sumarexemi. Af 113 erfðamörkum sem alls voru skoðuð reyndust 12 tengd sjúkdómnum með marktækum hætti. Það bendir til þess að í nágrenni þeirra (á sama litningi) sé að finna gen sem hafi áhrif á veikleikann fyrir sjúkdómnum. Stefnt er að áframhaldandi rannsóknum á þessu sviði.

Nemendaverkefni undir handleiðslu dýralæknis hrossasjúkdóma

◆ Sumarexem í þýskfæddum íslenskum hrossum

MSc 90 lokaverkefni við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Verkefninu lauk 2004.

- ◆ **Artificial insemination of mares at the stud Gunnarsholt in the years 1997, 2000 and 2003**
MSc 120 lokaverkefni við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Verkefninu lauk 2004.
- ◆ **The closure of osteochondral growth lines in Icelandic horses, a radiographic study**
The final year thesis in Veterinary medicine at the Norwegian School of Veterinary Science. Verkefnið byrjaði árið 2004 og mun ljúka árið 2005.
- ◆ **Áhrif legbólgu og bandvefsnýmyndunar í legi á ófrjósemi hjá íslenskum hryssum**
PhD thesis at The Veterinary Faculty of Edinburgh University. Verkefnið er hluti doktorsverkefnis. Gagnaöflun hófst á árinu.

Eftirfarandi útdrættir voru birtir á árinu í ráðstefnuritum:

- ◆ **Sigríður Björnsdóttir**, Einar Jörundsson og Lilja Árnadóttir. Minjar um uppruna íslenska hestsins “Mein í beinun landnámshestsins” Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Vísindadagar á Keldum 30. apríl 2004.
- ◆ Vilhjálmur Svansson, Eggert Gunnarsson, Einar G. Torfason, Einar Jörundsson, Guðmundur Georgsson, Guðmundur Pétursson, **Sigríður Björnsdóttir**, Sigríður Matthíasdóttir, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir og Steinunn Árnadóttir. Hitasótt í hrossum. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Vísindadagar á Keldum 30. apríl 2004.
- ◆ **Sigríður Björnsdóttir**, Einar Jörundsson and Lilja Árnadóttir. Bone diseases of the Saga horse – A 1000 years old story. Diseases of the Icelandic Horse; An International Symposium in Selfoss, Iceland, June 27th and 28th 2004.
- ◆ **Sigríður Björnsdóttir**. Bone spavin in Icelandic horses – Aspects of predisposition, pathogenesis and prognosis. Diseases of the Icelandic Horse; An International Symposium in Selfoss, Iceland, June 27th and 28th 2004.
- ◆ Thorvaldur Árnason, **Sigríður Björnsdóttir** and Ágúst Sigurðsson. Heritability of bone spavin in Icelandic horses and means of reducing its frequency by genetic selection. Diseases of the Icelandic Horse; An International Symposium in Selfoss, Iceland, June 27th and 28th 2004.
- ◆ **Sigríður Björnsdóttir**, Vilhjálmur Svansson and Halldór Runólfsson. Infectious pyrexia in horses – An epidemic in Iceland in 1998. Diseases of the Icelandic Horse; An International Symposium in Selfoss, Iceland, June 27th and 28th 2004.
- ◆ **Sigríður Björnsdóttir**, Jakobína Sigvaldadóttir, Mia Hellsten and Lene Johanna Reiher. The epidemiology of summer eczema in Icelandic horses. Diseases of the Icelandic Horse; An International Symposium in Selfoss, Iceland, June 27th and 28th 2004.
- ◆ Lena Johanna Reiher and **Sigríður Björnsdóttir**. The prevalence of summer eczema in Icelandic horses born in Germany. Diseases of the Icelandic Horse; An International Symposium in Selfoss, Iceland, June 27th and 28th 2004.
- ◆ Elisabeth Jansen and **Sigríður Björnsdóttir**. Evaluation of the testicles of Icelandic stallions. Diseases of the Icelandic Horse; An International Symposium in Selfoss, Iceland, June 27th and 28th 2004.

ÖNNUR VERKEFNI

Dýralæknir hrossasjúkdóma var formaður framkvæmdanefndar vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um hrossasjúkdóma sem Dýralæknafélag Íslands stóð fyrir 26.–28. júní 2004. Ráðstefnan var haldin á Selfossi og var mjög vel sótt af íslensku sem erlendu fagfólki á sviði dýralækninga og hrossaræktar. Alls fluttu 16

fyrirlesarar 24 erindi auk þess sem 8 verkefni voru kynnt á veggspjöldum. Veglegt ráðstefnuhefti var gefið út með útdráttum úr flestum erindunum.

Dýralæknir hrossasjúkdóma sat fyrir hönd yfirdýralæknis í stýrihópi sem vann að fimm ára markáætlun um rannsóknir og þróunarstarf á sviði lífvísinda undir heitinu: Sameindalíffræðilegar aðferðir til eflingar sjúkdómavarna hjá dýrum. Markáætlunin var unnin í samvinnu við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem vinna að verkefnum tengdum sjúkdómsvörnum í dýrum á Íslandi. Markáætlunin fékk ekki styrk að þessu sinni en var þó í hópi þeirra 8 verkefna sem fengu áheyrn úthlutunarnefndarinnar og komu til greina við úthlutun þeirra tveggja styrkja sem voru í boði. Sá árangur er mikil hvatning til að halda áfram samstarfi á þessu sviði og þróa hugmyndina áfram.

Dýralæknir hrossasjúkdóma hélt nokkur fræðsluerindi hjá hestamannafélögum og sinnti leiðbeiningarstarfi eftir föngum. Vaxandi þáttur í starfinu er að svara fyrirspurnum frá dýralæknum og hrossaeigendum erlendis um ýmsa þætti er varða heilbrigði íslenska hestsins.

Undir lok ársins fékk dýralæknir hrossasjúkdóma beiðni um að leiða sameiginlega stefnumótun um mat á heilbrigðisþáttum í ræktun íslenska hestsins á vegum ræktunardeildar FEIF, alheimssamtaka eigenda íslenska hestsins. Sú vinna er hafin.

Dýralæknir hrossasjúkdóma sat í undirbúningshópi fyrir æfingu í viðbrögðum við smitsjúkdómum. Æfing á viðbrögðum við gin- og klaufaveiki var haldin 18.–20. mars. Auk þess fór fram áframhaldandi hópavinna vegna viðbragða við smitsjúkdómum. Settar hafa verið fram tillögur um breytingar á lögum og reglum um dýrasjúkdóma og sértækar viðbragðsáætlanir unnar fyrir hestainflúensu og kverkeiðlabólgu.

Reglur um varnir gegn því að smitsjúkdómar berist í hross voru auglýstar í aðdraganda Landsmóts hestamanna 2004 og á myndböndum sem gefin voru út um Landsmótið.

Dýralæknir hrossasjúkdóma vann í samvinnu við Héraðsdýralækni Suðurlands áætlun um fyrstu viðbrögð ef upp kæmu smitsjúkdómar á Landsmóti hestamanna á Hellu 2004.

► JÚGURHEILBRIGÐI




Meginhlutverk dýralæknis júgursjúkdóma er að fylgjast með og stuðla að bættu júgurheilbrigði hjá kúm í landinu. Auður Lilja Arnþórsdóttir gegnir starfi dýralæknis júgursjúkdóma í hlutastarfi.

FRUMUTALA

Samkvæmt ársskýrslu Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins (RM) fyrir árið 2004 voru 40,617 tanksýni frá mjólkurinnleggjendum á öllu landinu, rannsökuð á árinu. Margfeldismeðaltal frumutölu í sýnunum var 224 þúsund frumur í hverjum millilítra mjólkur og eins og sjá má á myndinni á næstu síðu fer það lækkandi.


Meðaltal frumutölu í tanksýnum sem rannsökuð voru hjá RM 1995-2004



JÚGURBÓLGUSÝKLAR


Á árinu 2004 voru rannsökuð 7,721 spenasýni hjá RM, (sbr. ársskýrslu RM 2004), og 8,707 sýni hjá Mjólkurbúi Flóamanna (sbr. www.mbf.is). Sýklar greindust í um 67% sýna sem bárust RM en 44% sýna sem bárust MBF.

Rannsóknarstofa mjólkuriðnaðarins 2000-2004



Hlutfall *Staphylococcus aureus*, af þeim sýklum sem greindust, var um 41% hjá RM en 25% hjá MBF, hlutfall kóagúlasa neikvæðra stafylokokka (KNS) var 46% hjá RM en 56% hjá MBF og *Streptococcus uberis* 7,4% hjá RM en 14% hjá MBF, sjá meðfylgjandi myndir. *Streptococcus agalactia* fannst í 0,2% sýna hjá RM en 0,1% hjá MBF.


Mjólkurbú Flóamanna 2000-2004



LYFJANÆMI

Sýklar sem greindust í spenasýnum, reyndust í flestum tilfellum vera næmir fyrir sýklalyfjum. Þó var hlutfall sýna með *Staphylococcus aureus* sýkla sem ónæmir voru fyrir penicillini, nokkuð hátt eða um 31% í sýnum hjá RM og 26% hjá MBF. Þróun á þessu hlutfalli á árunum 2000 til 2004 má sjá á myndinni hér til hliðar, sem byggð er á tölum úr ársskýrslum RM og af heimasíðu MBF.


Hlutfall sýna með *S. Aureus* sýkla sem voru ónæmir fyrir penicillini



SMITANDI JÚGURBÓLGA

Samkvæmt reglugerð um mjólk og mjólkurvörur eru tekin tanksýni tvisvar sinnum á ári hjá öllum mjólkurframleiðendum og þau rannsökuð hjá RM með tilliti til sýkilsins *Streptococcus agalactiae*. Þessi sýkill veldur júgurbólgu hjá kúm og getur valdið hálsbólgu hjá fólki. Þegar hann finnst eru gerðar sérstakar ráðstafanir til útrýmingar honum á viðkomandi búi, samkvæmt reglum yfirdýralæknis. Samkvæmt ársskýrslu RM

Hlutfall búa með *S.agalactiae* 2004



fannst sýkillinn á 2.8% búa á landinu á árinu 2004. Þróun á þessu hlutfalli á árunum 2000 til 2004 má sjá á myndinni hér til hægri, sem byggð er á tölum úr ársskýrslum RM.

► LOÐDÝR



Starf dýralæknis loðdýrasjúkdóma er hlutastarf (20% starfshlutfall) og því gegnir Hörður Sigurðsson. Hann hefur starfsaðstöðu að Keldum. Eggert Gunnarsson hefur líkt og undanfarin ár verið ráðgefandi um ýmislegt hvað varðar sjúkdómaeftirlit og innflutning loðdýra. Helstu starfssvið dýralæknis loðdýrasjúkdóma eru eftirfarandi:

- Eftirlit með innflutningi loðdýra og sóttkvíarbúum.
- Umsjón (ásamt Eggerti Gunnarssyni) með útrýmingu veirusjúkdómsins *plasmacytosis* í minkum.
- Almenn sjúkdómaeftirlit.
- Samskipti við forráðamenn loðdýrabænda og dýralækna hér á landi og erlendis.

Starfandi loðdýrabú eru nú 29 talsins, og eru minkabú líkt og áður stærsti hluti þeirra. Alls eru 24 minkabú nú starfandi, fjögur refabú og eitt blandað bú með minka og refi. Refabúum hefur fækkað mikið tvö síðustu ár. Eitt loðkanínubú er á landinu eftir því sem næst verður komist. Meðalfrjósemi var 5.0 hvolpar á paraða minkalæðu en ekki liggja fyrir öruggar tölur hvað refinn varðar.

Ársverk í loðdýrarækt eru 70–100, allflest á landsbyggðinni. Framleidd eru nú u.þ.b 150.000 minkaskinn og um 10.000 refaskinn á ári. Verðmæti þeirra á síðasta ári var um 500 milljónir króna

SJÚKDÓMAR

Engir skráningarskyldir eða tilkynningarskyldir sjúkdómar komu upp á árinu hjá loðdýrabændum og hafa þeir að mestu sloppið við þá smitsjúkdóma er valda hvað mestum búsifjum og kostnaði í nágrannalöndum okkar.

Öllum loðdýrabændum er rækta mink er skylt að senda árlega inn blóðsýni úr 10–15% lífdýrastofnsins og láta greina á Tilraunastöðinni að Keldum með tilliti til **plasmacytosis**. Sendi 21 loðdýrabóndi inn sýni á þessu ári. Síðast greindist hér plasmacytosis hjá minkum árið 1996 og hafa loðdýrabændur síðan þá verið mjög duglegir að senda inn blóðprufur. Ekki hefur greinst plasmacytosis í alimink á Íslandi hin síðari ár en áfram verða menn að vera á varðbergi því sjúkdómurinn finnst í villtum minkum einkum á norðaustanverðu landinu. Einnig er mikilvægt að menn haldi vöku sinni hvað varðar innflutning dýra og hviki hvergi frá þeim ströngu skilyrðum sem nú eru í gildi.

Seinni hluta sumars kom upp alvarleg **bakteríusýking** á kanínubúi sem orsakaði dauða hjá allt að 70 kanínuungum og nokkrum fullorðnum dýrum, áður en dýralæknum var gert aðvart. Með góðri samvinnu embættis yfirdýralæknis og sjálfstætt starfandi dýralækna og ekki síður mikilli vinnu eiganda búsins tókst að vinna bug á sýkingunni og hefur að öllum líkindum tekist að uppræta sjúkdóminn.

Nokkur minkabú glímdu einnig við **bakteríusjúkdóma** um og eftir got en með skipulagðri sýklalyfjagjöf tókst í flestum tilvikum að forðast stærri tjón. Fáein bú lentu í því að frjósemi fór niður úr öllu valdi án þess að viðhlítandi skýring myndist, en brýnt er og afar nauðsynlegt fyrir eigendur búanna að reynt sé að finna hvað úrskaiðis fór.

Hjá refum er og hefur stærsta vandamálið verið mikill **hvolpadauði** í og rétt eftir got. Kenningar hafa verið uppi um að í kjölfar innflutnings á finnskum refum hafi læðurnar stækkað og þyngst talsvert þó án þess að

búrastærð hafi verið breytt, og þetta valdi auknu álagi á læðurnar í og um got. Á einu refabúi urðu alvarleg fósturlát en orsök þeirra fannst ekki.

Krufning innsendra hræja

Samkvæmt upplýsingum frá Einari Jörundssyni meinafræðingi á Keldum voru eftifarandi greiningar gerðar á innsendum hræjum loðdýra: Hjá minkum voru 2 tilfelli með fóstureitrun, 1 tilfelli hjartabilun, 1 tilfelli fitulifur, 1 tilfelli snúningur á lifur, 1 tilfelli vessaþurrð, 1 tilfelli blóðeitrun. Án sjúkdómsgreiningar voru samtals 2 hræ. Um 7 kanínur voru krufnar og sýndu þeir allar merki blóðeitrunar.

INNFLUTNINGUR

Gránúmóar ehf. fluttu inn 144 minka er fóru í sóttkví að Teigi í Vopnafirði.

TILRAUNIR OG RANNSÓKNIR

Erlent lyfjafyrirtæki í samráði við embætti yfirdýralæknis stóð fyrir rannsókn á verkun mismunandi flóalyfja hjá minki. Rannsóknin fór fram í ágúst og september á búi á Suðurlandi og lofa fyrstu niðurstöður mjög góðu.

ERLEND SAMSKIPTI

Dýralæknir loðdýrasjúkdóma átti þess kost að sækja árlega ráðstefnu norrænna og hollenskra dýralækna um sjúkdóma í loðdýrum er fram fór í Malmö í Svíþjóð í janúarmánuði 2004. Þar var kynnt ástand loðdýraræktunar á Íslandi og vitneskju aflað um stöðu mála erlendis. Þar var ákveðið að næsta ráðstefna færi fram á Íslandi í janúar 2005.

► SVÍN

Konráð Konráðsson gegnir starfi dýralæknis svínasjúkdóma ásamt því að vera ráðunautur í svínarækt og hefur hann starfsaðstöðu í Bændahöllinni í Reykjavík.

SVÍNABÚIN



Samkvæmt niðurstöðum búfjártalninga 1. desember 2003 var fjöldi gylta á landinu 3.964 á 17 svínabúum. Meðaltalsstærð búanna er samkvæmt þessu um 233 gyltur. Auk hefðbundinna svínabúa eru svín á tveimur öðrum stöðum á landinu, þ.e. í Einangrunarstöð S.F.Í. í Hrísey og í Húsdýragarðinum í Reykjavík. Gyltufjöldi í Hrísey er mjög misjafn eftir aðstæðum en í Húsdýragarðinum eru oftast tvær gyltur, einn göltur og nokkrir grísir.

SJÚKDÓMAR OG EFTIRLIT


Ekki varð vart nýrra sjúkdóma í svínum á árinu. Áfram eru notuð nokkur bóluefni við sjúkdómum Snúðrýni, Kregðu, Illkynja lungnabólgu, Rauðsýki, *E. coli* spenagrísaskitu og Parvo (smitandi fósturdauði).

Tilraun til upprætingar á dysenteriu (*Brachyspira hyodysenteriae*) var gerð á einu búi á Norðurlandi sumarið 2004 í samvinnu við Vigni Sigurólason héraðsdýralækni. Uppræting sjúkdómsins var reynd með lyfjagjöf og smitvörnum eins og gert hefur verið áður hér á landi með ágætum árangri. Hvort tilraunin hefur tekist kemur í ljós með sýnatökum.

SALMONELLA

Gyltubú smituð af salmonellu voru fjögur í lok ársins. Eitt eldisbú er jafnframt smitað. Tvö ný gyltubú greindust á árinu jákvæð m.t.t. salmonellu. Í árslok 2004 voru því alls fimm bú smituð af salmonellu samkvæmt skilgreiningu yfirdýralæknis þ.e.a.s. að bakterían greinist í saursýnum frá búinu. Rannsóknir á bakteríunni á þessum tveimur búum sem smituðust á árinu hafa ekki farið fram og því ekki hægt að draga ályktanir af þeim um uppruna smitsins.

Svínabú smituð af salmonella árin 2000-2004



Sýni vegna eftirlits með salmonellu

Á árinu 2004 voru alls rannsökuð 3.508 sýni vegna salmonellu, 864 saursýni, 141 vöndulsýni, 2374 stroksýni og 6 fóðursýni. Auk þess voru 123 sýni tekin vegna sérstakrar rannsóknar á vegum embættis yfirdýralæknis. Ræktun saursýna fór fram á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði og Rannsóknþjónustunni Sýni ehf. Rannsókn á stroksýnum fór fram á sömu stöðum. Fóðursýni og vöndulsýni voru rannsökuð á Keldum.

Eftirlit á svínabúum - saursýni

Sýnatökur á svínabúunum eru oftast framkvæmdar:

- Að ósk eigenda í þeim tilgangi að meta stöðu búanna (smituð/ekki smituð) m.t.t. salmonellu.
- Ef ástæða þykir taka héraðsdýralæknar sýni á svínabúunum, t.d. ef salmonella greinist í vöndli í sláturhúsi þegar grísam er slátrað.
- Þar sem aðstæður leyfa á smituðum búum (deildarskipting), í þeim tilgangi að meta hvort grísahópur sé jákvæður eða neikvæður m.t.t. salmonellu.

Rannsóknir á saursýnum. Niðurstöður úr salmonelluræktun

Svínabú	Sýni send*	Safnsýni**	Niðurstaða***	Hlutfall
Bú nr. 1	1	25	9/25	36,00%
Bú nr. 2	4	81	6/81	7,40%
Bú nr. 3	34	687	22/687	3,20%
Bú nr. 4	1	3	0/3	0,00%
Bú nr. 5	2	18	0/18	0,00%
Bú nr. 6	2	23	0/23	0,00%
Bú nr. 7	13	123	8/123	6,50%
Hrísey/SFÍ	6	27	0/27	0,00%
Alls	63	987	45/987	4,56%

Sýni send* = Hversu oft sýni eru send inn til rannsókna.

Safnsýni** = Fjöldi safnsýna; hvert safnsýni samanstendur oftast af 5 x 5 g af saur og er tekið úr 1-3 stíum/básam.

Niðurstaða*** = Talan vinstra megin við skástrikið gefur til kynna hversu mörg safnsýnanna voru jákvæð (*Salmonella* greinist) miðað við heildarfjölda sýna sem er hægra megin við skástrikið.

Tegundagreining

Í þeim tilvikum þegar tegundagreining fór fram greindist *Salmonella typhimurium* í 10 tilfellum á 1 búi en *Salmonella infantis* í 15 tilfellum á 4 búum. Í 20 tilfellum var salmonella ekki tegundagreind. Í 8 tilfellum greindist *Salmonella infantis* í sérstakri rannsókn á vegum yfirdýralæknis á einu búi.

Tegundagreining salmonellu. Fjöldi greininga á búum

Salmonella	Bú A	Bú B	Bú C	Bú D	Alls
<i>S. Typhimurium</i> næm	1	0	0	0	1
<i>S. Typhimurium</i> ónæm	9	0	0	0	9
<i>S. infantis</i>	1	4	2	8	15
<i>S. spp</i>	11	5	4	0	20
Samtals	22	9	6	8	45

Tegundagreining fór fram á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi.

Rannsókn vegna ónæmrar *Salmonella typhimurium*

Þar sem *Salmonella typhimurium* ónæm fyrir tveimur lyfjum, Chloramphenicoli og Ampicillini, greindist á einu búi var ákveðið að rannsaka hvort finna mætti bakteríuna á fleiri stöðum. Sýnatökur hófust 7. október í þessum tilgangi. Sýni eru tekin reglulega einu sinni í viku. Í lok árs var rannsókn ekki lokið en bakterían greindist ekki í þeim 123 sýnum sem rannsökuð voru á árinu. Þess má geta að þessi baktería (þ.e. *Salmonella typhimurium* ónæm fyrir sömu lyfjum) greindist í nóvember í slátursýnum úr tveimur kjúklinga-sláturhópum. Rannsókn á því hvort um sömu bakteríu er að ræða fór ekki fram á árinu (fingrafarapróf).

Niðurstöður eftirlits með salmonellu í sláturhúsum

Á árinu var svinum slátrað hjá 9 sláturleyfishöfum. Héraðsdýralæknar sendu inn sýni frá 6 þeirra, en sýni bárust ekki frá Sölufélagi A-Hún. (eingöngu slátrað í janúar og mars) Sláturfélaginu Búa svf. (slátrun fór fram í 9 mánuðum af 12) og Sláturhúsi Helli hf (slátrun fór fram í öllum 12 mánuðum ársins). Vöndulsýni í sláturhúsum skulu tekin frá búum sem ekki eru smitð af salmonellu einu sinni í mánuði samkvæmt reglum yfirdýralæknis. Héraðsdýralæknar taka stöku sinnum vöndulsýni að auki ef sérstök ástæða þykir til. Stroksýni eru tekin af skrokkum frá búum þar sem salmonella hefur greinst í saursýnum.

Niðurstöður eftirlits með salmonellu í sláturhúsum, vöndul- og stroksýni

Sláturleyfishafi	Vöndulsýni*	Stroksýni af skrokkum**			Fjöldi skrokka
		Vidas	Tecra	Alls	
nr. 1	0/6	0	0	0	0
nr. 2	0/2	0	0	0	0
nr. 3	0/7	0	44/1.677	44/1.677	8398
nr. 4	1/37	0/4	0	0/4	20
nr. 5	0/74	0	0	0	0
nr. 6	1/15	6/531	24/162	30/693	3399
Allir	2/141	6/535	68/1839	74/2374	11817
Jákvæð sýni	3,18%	1,12%	3,69%	3,11%	

Skýringar með töflu

Vöndulsýni* = Sýni úr niðurföllum. Talan vinstra megin við skástrikið gefur til kynna hversu mörg sýnanna voru jákvæð (salmonella greinist) miðað við heildarfjölda sýna sem er hægra megin við skástrikið.

Stroksýni af skrokkum** = Algengast er að taka sýni af 5 skrokkum og rannsaka sem 1 safnsýni. Stöku sinnum kemur fyrir að fjöldi skrokka er meiri eða minni í hverju safnsýni og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Talan vinstra megin við skástrikið gefur til kynna hversu mörg sýnanna voru jákvæð (salmonella greinist) miðað við heildarfjölda sýna sem er hægra megin við skástrikið. Vídas og Tecra eru mismunandi aðferðir við greiningu salmonellu.

Rannsóknir á stroksýnum fóru fram á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði og Rannsóknþjónustunni Sýni ehf.

Fjöldi rannsakaðra skrokka

Sýni voru tekin af 11.817 skrokkum. Þar sem um safnsýni er að ræða getur fjöldi skrokka í hverju safnsýni verið 5 (algengast) en getur verið frá 1 – 12. Ef 1 safnsýni reynist jákvætt geta því allir 5 skrokkarnir (max) verið mengaðir eða einungis 1 (min) þeirra. Miðað við heildarfjölda jákvæðra stroksýna, sem er 74 eins og kemur fram í 9. töflu og hversu margir skrokkar stóðu á bak við viðeigandi stroksýni reyndust mengaðir skrokkar vera lágmark 74 og hámark 366. Hlutfall mengaðra skrokka hefur því verið á bilinu 0,62% - 3,09%.


Stroksýni vegna salmonellu

Rannsakaðir skrokkar alls	11.817	
Mengaðir skrokkar - lágmark	74	0,62%
Mengaðir skrokkar - hámark	366	3,09%


Niðurstöður stroksýna

Tíðni salmonellu í stroksýnum fór lækkandi frá árinu 2001 til 2003 en jókst á ný árið 2004 (sjá myndir hér fyrir neðan og á næstu síðu). Ástæða þess að tíðni jókst árið 2004 samanborið við árið 2003 getur verið sú að í einu sláturhúsi var skipt um mannskap og vinnubrögð breyttust tímabundið vegna þess og að í einu tilfelli menguðust 60 skrokkar við eina slátrun í öðru sláturhúsi sem bendir til að eitthvað hafi farið úrskaiðis við þá slátrun.

Tíðni (%) salmonellu í stroksýnum 2001-2004



Fjöldi skrokka mengaðir af salmonellu 2001-2004



Kjötsafaprófið

Áfram voru tekin sýni vegna kjötsafaprófsins á árinu í því skyni að meta það sem eftirlitsaðferð framtíðarinnar. Skýrslu þar að lútandi var skilað til yfirdýralæknis í lok október 2003 um breytt eftirlit með salmonellu í svínunum, þar sem lagt er til að eftirlitið verði framkvæmt með kjötsafaprófinu.

Aðgerðir vegna salmonella

Vísað er í ársskýrslu dýralæknis svínasjúkdóma fyrir árið 2003 um aðgerðir vegna salmonella.

Rannsókn á svínablóði vegna *Leptospira*

Eins og fram kemur hér framur var ákveðið að rannsaka hvort mótefni við *Leptospira bratislava* og *Leptospira pomona* mætti finna í blóði svína hér á landi. Mótefni í blóði gegn *Leptospira bratislava* fundust á 6 svínabúum af 7. Ekki mældust mótefni við *Leptospira pomona* á svínabúunum. Þessar niðurstöður eru mjög svipaðar norskum niðurstöðum sem fra komu í nýlegri rannsókn þar í landi.

INNFLUTNINGUR

S.F.Í. sótti um leyfi til landbúnaðarráðuneytis til þess að flytja inn norsk svín og var leyfi veitt en innflutningur var stöðvaður af yfirdýralækni skömmu fyrir komu dýranna til landsins. Ástæða þessa var sú að mótefni við *Leptospira bratislava* greindust í blóði nokkurra svínanna. Ekki var vitað hvort mótefni væru í svínunum hér á landi við sömu bakteríu og var því ákveðið að rannsókn skyldi fara fram í þessu tilliti áður en innflutningur yrði heimilaður. Í þessari skimun greindust mótefni við *Leptospira bratislava* í svínunum á 6 af 7 búum og þótti því ekki ástæða til þess að banna innflutning frá Noregi vegna þessa. Svínaræktarfélagið sótti því um innflutning að nýju og fór svo að 17. desember voru flutt inn frá Noregi svín frá 5 búum. Upphaflega stóð til að flytja inn svín frá 6 svínabúum í Noregi en þar sem *Salmonella typhimurium* greindist á einu þeirra var hætt við innflutning frá því af þeim sökum. Innflutningur svínanna gekk mjög vel og dafna þau vel í einangrunarstöðinni, þrátt fyrir að mörg þeirra hafi verið ung og sum nýfráfærð fyrir innflutning. Er þetta í fyrsta sinn sem S.F.Í. flytur inn svo mörg svín í einu.

REGLUGERÐIR

Unnið var áfram að drögum að viðbót við rgl. nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri. Að þeirri vinnu komu dýralæknir svínasjúkdóma og dýralæknir alifuglasjúkdóma í samvinnu við lögfræðing landbúnaðarráðuneytisins, Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur, og forstöðumann Aðfangæfirlitsins, Ólaf Guðmundsson. Drögin snúa fyrst og fremst að innra eftirliti fóðurstöðva og eftirliti með salmonellu auk viðbragða ef salmonella greinist í fóðurstöð. Nokkur styr stóð um reglugerðina og var hún send til ESA (stofnun hjá EFTA) til umsagnar. Var talið að sum ákvæðin hindruðu viðskipti á milli Íslands og Evrópulandanna og tók hún ekki gildi af þeim sökum á árinu. Áfram var fjallað um reglugerð um einstaklingsmerkingar dýra og tekið þátt í undirbúningi að gerð gagnagrunns í samvinnu við Bændasamtök Íslands, landbúnaðarráðuneytið og fleiri.

ÆFINGAR

Dagana 18. - 20. janúar var haldin æfing í viðbragðsáætlun á gin- og klaufaveiki á vegum yfirdýralæknis. (sjá nánari ummfjöllun í skýrslu sóttvarnadýralæknis á síðu 21). Danir skipulögðu æfingu í viðbrögðum við svínapest dagana 27.-30. apríl. Tilgangur æfingarinnar var að æfa greiningu sjúkdómsins og aðgerðir á búum þar sem sjúkdómurinn var settur á svið. Tveimur fulltrúum frá Norðurlöndunum var boðið að taka þátt í æfingunni og sótti dýralæknir svínasjúkdóma æfinguna fyrir hönd yfirdýralæknis.

RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR

Almennir fundir og ferðir á árinu

Efni	Fjöldi funda/ferða
Fagråd og félagsráð S.F.Í.	10 fundir
Starfsmannafundir B.Í.	9 fundir
Vegna reglugerða	4 fundur
Erlend samskipti	2 fundir
Vegna viðbragðsáætlanna, norræn æfing	2 fundir
Almenn málefni v/yfirdýralæknis	6 fundir
Sértæk málefni v/yfirdýralæknis	9 fundir
SSUS	2 fundir
Rekstrarfyrirkomulag, hagfræði	3 fundir
Annað	3 fundir
Ferðir á svínabú	35 ferðir

Fyrirlestrar og fræðsluefni

1. Fundur yfirdýralæknis 30. - 31. janúar, Valhöll, kjötsafaprófið (fyrirlestur).
2. Fagråd S.F.Í., 26. feb. kjötsafaprófið (fyrirlestur)
3. Nokkrar þýddar greinar og staðfærðar á vef yfirdýralæknis og vef B.Í.

Endurmenntun, ráðstefnur, málþing.

1. Íslensk æfing í viðbrögum við gin- og klaufaveiki, 18. - 20. janúar í Reykjavík og Hvanneyri.
2. Fræðing landbúnaðarins, 6. febrúar
3. Námskeið í verkefnastjórnun, 29. - 30. mars á vegum Endurmenntunardeildar Háskóla Íslands.
4. Námskeið í Power Point fyrirlestrartækni 8. og 10. apríl á vegum B.Í.
5. Dönsk æfing í Kaupmannahöfn í viðbrögðum við svínapest, 27. - 30. apríl.
6. Aðalfundur S.F.Í. 30. apríl.

dýravernd

Dýraverndarlögin fjalla um meðferð, aðbúnað og umhirðu allra dýra en einnig er að finna sértæk ákvæði um meðferð, aðbúnað og umhirðu búfjár í lögum um búfjárhald. Nánari ákvæði um aðbúnað hvernar dýrategundar, eftirlit og leyfisveitingar er að finna í aðbúnaðarreglugerðum og reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni

DÝRAVERNDARMÁL

Á árinu 2004 höfðu héraðs- og sérgreinadýralæknar víða afskipti af dýraverndarmálum, oftast vegna vanfóðrunar og vanrækslu. Málin vörðuðu búfé, hross, hunda, ketti, fiska, varphænsni og páfagauk.

► TILRAUNADÝR

Eftirlit með reglugerð nr. 279/2002 um dýratilraunir er í höndum héraðsdýralækna. Bergþóra Eiríksdóttir starfar sem eftirlitsdýralæknir tilraunadýra (60% starfshlutfall) og er auk þess ritari tilraunadýranefndar.

EFTIRLIT

Á árinu 2004 var farið í eftirlitsferðir á allar tilrauna-, birgða- og undaneldisstöðvar á Reykjavíkursvæðinu. Fjórar tilrauna-/birgðastöðvar voru á höfuðborgarsvæðinu og eru þær á vegum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Lyfjaþróunar hf., Lífeðlisfræðistofnunar Háskóla Íslands og Íslenskrar erfðagreiningar.

Fundir tilraunadýranefndar

Tilraunadýranefnd hélt sex formlega fundi á árinu þar sem teknar voru fyrir umsóknir um leyfi til dýratilrauna og unnið var að breytingum á reglugerð 279/2002 um dýratilraunir.

DÝRATILRAUNIR

Á árinu var sjö nýjum einstaklingum veitt leyfi til dýratilrauna og eru alls 24 einstaklingar með leyfi til dýratilrauna í dag. Tilraunadýranefnd samþykkti 29 dýratilraunir á árinu en það er sambærilegur fjöldi tilrauna og veitt var leyfi fyrir árið 2003.

	2002	2003	2004
Umsóknir um leyfi til dýratilrauna í fyrsta skipti	3	14	7
Samþykktar tilraunir á árinu	4	28	29

Þær dýratilraunir sem hlutu leyfi á þessu ári voru á sviði lífeðlisfræði, lyfjahvarfa og lyfhrifafræðirannsókna, lyfjaþróunar, rannsókna á eitrunaráhrifum, ónæmisfræði, atferlisfræði, vistfræði, næringar- og efnaskiptarannsókna og vegna sjúkdómsgreininga, lyfjaframleiðslu, smitsjúkdómarannsókna, og kennslu á háskólastigi.

ERLEND SAMSKIPTI

Eftirlitsdýralæknir tilraunadýra hefur reglulega samskipti við fulltrúa í dönsku tilraunadýranefndinni auk nokkurra samskipta við norsku tilraunadýranefndina.

inn- og útflutningur



Yfirdýralæknir hefur yfirumsjón og eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, erfðæfnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs, skv. lögum nr. 68/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Gísli Sverrir Halldórsson gegnir starfi dýralæknis inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða. Eftirlit með innflutningi gæludýra er í höndum Hrundar Hólm dýralæknis á aðalskrifstofu embættisins og héraðsdýralækna/ eftirlitsdýralækna Gullbringu- og Kjósarumdæmis og Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis.

► INN- OG ÚTFLUTNINGUR LIFANDI DÝRA

INNFLUTNINGUR GÆLUDÝRA

Breytingar á reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis

Reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis kveður á um skilyrði sem uppfylla þarf þegar gæludýr (hundar, kettir, nagdýr, kanínur, búfuglar og skrautfiskar/vatnadýr) eru flutt til Íslands. Sú reglugerð var sett í nóvember 2004 og þar með féll úr gildi reglugerð nr. 431/2003 með sama heiti. Helstu breytingar sem gerðar voru eru eftirfarandi:

- ◆ Ákvæði um að dýr skuli hafa dvalist í útflutningslandi í 6 mánuði fyrir komu til Íslands, var fellt út. Í ljósi nýrra reglna varðandi innflutning hunda og katta til landa innan ESB/EES var ekki lengur þörf fyrir þetta ákvæði.
- ◆ Breyting var gerð á ákvæði varðandi bólusetningar, þ.e. hvenær og hve oft skyldi bólusetja gegn viðkomandi sjúkdómum. Mælt er fyrir að dýrin skulu fullbólusett gegn þeim sjúkdómum sem kveðið er á um og fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar. Þó eru öll ákvæði varðandi hundasæðisbólusetningu óbreytt.
- ◆ Sýni vegna *B.canis* (hundar), FIV/FeLV (kettir) og Salmonella (hundar og kettir) skal, skv. nýju reglugerðinni, taka á síðustu 30 dögum fyrir komu til Íslands, í stað síðustu 3ja vikna (21 dags) fyrir komu.
- ◆ Viðbót var gerð við 13. grein, sem kveður á um óheimilan innflutning. Taldar eru upp þær hundategundir sem bannað er að flytja inn og við það bætist: "aðrar hundategundir skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra að fenginni rökstuddri umsögn yfirdýralæknis."

Sambærilegar breytingar voru gerðar á ákvæðum um bólusetningar vegna innflutnings á hundasæði.


Eftirlit með innfluttum gæludýrum

Einungis er heimilt að flytja dýr til landsins um Keflavíkurflugvöll. Þar eru öll lifandi dýr skoðuð í sérstakri sóttvarnaraðstöðu sem yfirdýralæknir lét innrétta haustið 2003. Skoðunin er í höndum héraðsdýralæknis/ eftirlitsdýralækna og felur í sér almenna heilbrigðisskoðun auk þess sem gengið er úr skugga um að frumrit heilbrigðisvottorða fylgi dýrunum. Vottorð allra dýra skulu þó hafa verið samþykkt fyrirfram af yfirdýralækni. Allir hundar og kettir skulu dvelja í einangrun í fjórar vikur og þar eru þeir undir eftirliti dýralæknis einangrunarstöðvarinnar. Að lokinni dvölinni eru dýrin svo útskrifuð af héraðsdýralækni.


122 hundar og 27 kettir frá 23 löndum

Á árinu 2004 voru fluttir til Íslands 122 hundar og 27 kettir frá 23 löndum. Umsóknir um innflutningsleyfi voru alls 244 talsins sem er talsverð aukning frá árinu áður. Þar sem leyfin gilda í eitt ár er ekki endilega samræmi á milli fjölda veittra leyfa og innfluttra dýra.

Fjöldi umsókna um innflutningsleyfi fyrir hunda og ketti árin 1997-2004



Innfluttur hundar og kettir árið 2004 – dreifing eftir löndum



*Önnur lönd: Ástralía, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Kanada, Lettland, Rússland, Serbía - 1 hundur frá hverju landi.

46 hundategundir

Hundarnir sem fluttir voru inn á árinu 2004 voru af 46 mismunandi hundategundum en algengastar voru labrador (9), golden retriever (7), chihuahua (6), cavalier king charles spaniel (5) og pug (5). Blendingar af ýmsum toga voru 12 talsins. Húskettir voru algengastir innfluttra katta (10) en meðal annarra kattategunda sem komu til landsins voru somali (4), maine coon (3) og persneskir kettir (3).

Innflutt hundasæði

Alls voru samþykktar 5 umsóknir um innflutning á frystu hundasæði á árinu 2004 og gekk innflutningurinn í flestum tilfellum greiðlega fyrir sig. Til bráðabirgða hefur innflutt hundasæði verið geymt í tanki í vörslu héraðsdýralæknis Gullbringu- og Kjósarumdæmis þar sem hvergi er boðið upp á slíka geymslu.

Innflutningur annarra gæludýra en hunda og katta

Innflutningur búrfugla, nagdýra, kanína og skrautfiska og vatnadýra var með svipuðum hætti og árin áður. Annars vegar er um að ræða innflutning á vegum gæludýraverslana og hins vegar einkaaðila. Innflytjendur þurfa að leggja fram heilbrigðisvottorð og halda dýrunum í fjögurra vikna sóttkví sem tekin hefur verið út af héraðsdýralækni.

ÚTFLUTNINGUR HUNDA OG KATTA

Nýjar reglur um útflutning hunda og katta til landa innan ESB/EES

Fyrsta október síðastliðinn tóku gildi nýjar reglur um útflutning hunda og katta til landa innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Fram að því gerðu flest þessara landa einungis kröfu um almennt heilbrigðisvottorð, auðkenni og ormahreinsun dýranna. Hundasæðisbólusetningar hefur einungis verið krafist vegna flutnings til Stóra-Bretlands. Nýju reglurnar (Evrópureglugerð nr. 998/2003) kveða hins vegar á um að bólusetja skuli alla hunda og ketti sem flytja á til landa innan ESB/EES. Þetta gildir einnig um Ísland jafnvel þótt hundasæði hafi aldrei fundist hér og Ísland er viðurkennt sem hundasæðisfrítt land af Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Bretland, Írland, Svíþjóð og Noregur gera auk þess kröfu um að magn hundasæðismótefna í blóði skuli mælt. Geta ber þess að þessi fjögur lönd eru hundasæðisfrí, líkt og Ísland.

Þetta gerir það að verkum að huga þarf að undirbúningi vegna útflutnings með góðum fyrirvara. Mestan fyrirvara þarf að hafa vegna Bretlands, en þar gildir enn 6 mánaða reglan, þ.e. mánuði eftir hundasæðisbólusetningu skal taka blóðsýni vegna mótefnaþælingar og ekki fyrr en 6 mánuðum seinna má hundurinn/kötturinn koma inn í landið (sama gildir um Írland og Möltu). Vegna útflutnings til Noregs eða Svíþjóðar skal taka blóðsýni vegna mótefnaþælingar 120 dögum eftir bólusetningu, og niðurstöður verða að sjálfsögðu að liggja fyrir áður en hundurinn/kötturinn er fluttur út. Niðurstöður mótefnaþælingar fást jafnan á tveimur til þremur vikum. Um önnur lönd en þau sem nefnd eru hér gildir að flytja má dýrið út þremur vikum (21 degi) eftir bólusetningu gegn hundasæði og ekki er gerð krafa um mótefnaþælingu. Þar sem hundasæði er ekki á Íslandi þurfa dýralæknar að fá sérstaka undanþágu hjá yfirdýralækni til að kaupa og nota bóluefni gegn þeim sjúkdómi.

Auk hundasæðisbólusetningar (og mótefnaþælingar, þar sem við á) skulu dýrin eftir sem áður vera auðkennd, annað hvort með örmerki eða eyrnamerki og meðhöndluð gegn sníkjudýrum. Dýralæknirinn skal nota sérstök vottorðaeýðublöð sem eru útgefin af ESB og auk hans undirskriftar skal opinber dýralæknir (t.d. viðkomandi héraðsdýralæknir) skrifa undir á vottorðið. Innan ESB (auk Noregs) hafa svokölluð gæludýravegabréf (Pet Passport) verið tekið í notkun. Í þau eru skráðar allar upplýsingar um viðkomandi hund eða kött og bólusetningar og mótefnaþælingar (ef við á) vegna hundasæðis. Með slíku vegabréfi er hægt að ferðast með dýrið á milli landa innan ESB. Gæludýravegabréf eru ekki nauðsynleg fyrir útflutning frá Íslandi, heldur duga áðurnefnd vottorð.


ÚTFLUTNINGUR HROSSA

Innflutningsskýrslur vegna innflutnings til ESB

Árið 2005 eru væntanlegar viðbótarkröfur ESB til þriðjuríkja svo sem Íslands, um að öllum lifandi dýrum fylgi svokölluð innflutningsskýrsla (CVED: Common Veterinary Entry Document). Þessi krafa felur það í sér að innflytjandi þarf að útbúa og tilkynna með sólarhrings fyrirvara, komu hrossa til landamærastöðvar innan ESB.

Útflutt hross árið 2004

Árið 2004 voru flutt úr landi alls 1581 hross. Á myndinni hér til hliðar má sjá fjölda útfluttra hrossa á árunum 2000-2004.



► INN- OG ÚTFLUTNINGUR BÚFJÁRAFURÐA

INNFLUTNINGUR BÚFJÁRAFURÐA

Eitt af hlutverkum embættisins er að sannreyna að innflutningur búfjárafurða standist íslensk skilyrði. Alls vottaði embættið 1160 slíkar sendingar á árinu 2004.

Innflutningur nautakjöts


Síðastliðið ár voru fluttar inn úrbeinaðar nautalundir (og úrbeinað kálfakjöt) frá Nýja-Sjálandi, Hollandi, Finnlandi og Danmörku, um 55 tonn, sem er eins og sjá má á næstu síðu töluvert meira magn en undanfarin ár. Auk þess voru flutt inn 16 tonn af nautahakki frá Ítalíu vegna opunar nýs veitingastaðar í upphafi ársins en ekki tókst að afla hráefnis hér innanlands í upphafi þess rekstrar.

Innflutningur ferðafólks á matvælum


Þrátt fyrir ítarlegar leiðbeiningar, m.a. á heimasíðu embættisins, virðast ferðamenn ekki nægilega meðvitaðir um það hvaða reglur gilda hér á landi varðandi innflutning einstaklinga á matvælum. Í 11. grein reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, segir í 1. málsgrein: "Ferðamenn sem koma með soðin matvæli þar sem staðfest er á umbúðum að varan hafi hlotið hitameðferð, eins og áskilið er í b- og c- lið 4. gr., þurfa ekki að framvísa sérstökum vottorðum". Ferðamönnum er því heimilt að flytja til landsins soðin matvæli sbr. reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna o.fl. Þetta þýðir í reynd að heimilt er að taka allt að 3 kíló af soðnum matvælum

með sér til landsins áður en tollar eru greiddir. Einstaklingar geta sótt um leyfi til innflutnings á matvælum til jafns á við innflytjendur (fyrirtæki) og þurfa þá að uppfylla sömu skilyrði og þeir. Á þetta sérstaklega við um t.d. veiðimenn sem fara utan til veiða á villibráð og vilja síðan geta tekið með sér sýnishorn af bráðinni til eigin nota.

Innflutningur nautakjöts eftir löndum 2004



Innflutningur nautakjöts árin 2000-2004



Innflutningur notaðra landbúnaðarvéla og -tækja

Á árinu var nokkuð um það að fluttar væru inn notaðar landbúnaðarvélar og tæki en innflutningur þessi er bannaður skv. 10. grein laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sbr. breytingu með 26. gr. laga nr. 87/1995, og 3. grein reglugerðar nr. 509/2004 j. liðar, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins. Bann þetta er því ekki nýtt af nálinni. Innflytjendur geta sótt um undanþágu frá innflutningsbanninu til landbúnaðarráðuneytisins skv. 8. gr. reglugerðar nr. 509/2004, sem þá skal afla umsagnar yfirdýralæknis hverju sinni. Skilyrði þau sem þá eru sett fram geta verið mismunandi eftir því um hvers konar vél er að ræða, hvaðan hún kemur o.s.frv.


ÚTFLUTNINGUR BÚFJÁRAFURÐA

Útflutningur allra búfjárafurða er vottaður af embættinu í samræmi við alþjóðalög og -staðla. Á árinu 2004 vottaði embættið alls 920 sendingar. Þetta byggist á því að ákveðin sláturhús og mjólkurbú hafa t.d. hlotið viðurkenningu til innflutnings á innri markað ESB. Embættið vottar og staðfestir með undirskrift sinni á útflutningsvottorð að viðkomandi sending uppfylli þær kröfur sem móttökulandið setur. Eins og undanfarin ár hefur embættið lagt sig fram um að aðstoða útflytjendur við að tryggja að allur frágangur, merkingar, umbúðir og skjalagerð uppfylli áður nefndar kröfur, og hafa útflytjendur almennt staðið sig með miklum sóma í að koma þeim málum í gott horf. Ljóst er að í framtíðinni mun verða enn erfiðara að koma matvælum á löglegan hátt á milli Íslands og ESB annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar. Þetta helgast af því að bæði ESB (1. jan 2005) og Bandaríkin (í desember 2003) innleiddu reglur um að allar matvælasendingar verði tilkynntar til viðkomandi dýralæknayfirvalda með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, á sérstöku eyðublaði sem innflytjandi vörunnar á að sjá um að sé útbúið og fyllt út á réttan hátt.


Á myndunum á síðu 53 má annars vegar sjá yfirlit yfir útflutt magn helstu búfjárafurða á árinu 2004 og hins vegar yfirlit yfir útflutning hrossakjöts eftir löndum. Á síðu 54 gefur að líta samanburð á útflutningi lamba-

og ærkiöts árin 2003 og 2004. Alls var flutt út um það bil 500 tonnum minna af lamba- og ærkiöti í fyrra en árið áður. Ýmsar athyglisverðar breytingar voru á magni útflutnings til einstakra landa milli ára og greinilega kemur fram mikill árangur markaðssóknar í löndum eins og Frakklandi, Spáni, Þýskalandi og Hollandi. Útflutningur á hrossakjöti hefur verið stöðugur undanfarin ár þar sem aðalmarkaðslöndin eru Ítalía, Japan og Rússland. Á árinu voru flutt út nærri 176 tonn af svína- og kjúklingakjöti til Rússlands sem vafalítið hefur haft áhrif til jöfnunar á innanlandsmarkaði hér á landi. Alls voru flutt út um 124 tonn af svínakjöti sem er 110 tonnum minna en árið áður. Rétt er að benda á að tæp 3 tonn af hreinsuðum dúni voru flutt út á árinu en það er afurð sem er í stöðugri sókn og mikil eftirspurn er eftir. Lambagarnir eru ný útflutningsvara í sláurtíðinni, 342 tonn voru flutt til Englands gegnum Rotterdam.

Útfluttar búfjárafurðir 2004




Útflutningur hrossakjöts eftir löndum árið 2004



*Þýskaland: 186 kg

Útflutningur lamba- og ærkiöts eftir löndum árin 2003 og 2004*



*Eftirfarandi er ekki með á myndinni: Egyptaland (10 kg 2004), Kýpur (23 kg 2004), Lúxemborg (110 kg 2003) og Rússland (183 kg 2003).

Útflutningur til Færeyja

Færeyjar er góður markaður fyrir íslenskar sauðfjárafurðir en engin viðurkennd landamærastöð er í Þórshöfn heldur er hún í Kollafirði sem er í 17 km fjarlægð frá Þórshöfn. Þar til á síðari hluta ársins 2004 höfðu íslensk skipafélög einungis viðkomu í Þórshöfn á leið sinni til og frá Evrópu. Það hafði í för með sér að ekki varð af útflutningi á neinum ferskum afurðum frá Íslandi til Færeyja, hvorki á lambakjöti, svínakjöti, nautakjöti, kjúklingum né eggjum eins og þó er vitað að er markaður fyrir. Ljóst var að hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir íslenskan landbúnað ekki síst vegna þess að þetta er sá markaður sem næstur okkur er, greiðir hæst verð og eftirspurn eftir íslenskum afurðum er fyrir hendi nú þegar. Því var það mikið framfaraspor, með þessa hagsmuni í huga, þegar Atlantskip hófu að sigla á Kollafjörð þar sem viðurkennd landamærastöð Færeyinga er. Í framhaldi af þessari opnun má vera ljóst að Færeyja-markaðurinn mun verða okkur Íslendingum enn mikilvægari í framtíðinni.

► REKSTUR OG UMSVIF

Á árinu 2004 var rekstur embættisins nokkuð erfiður og koma þar til helst talsverð útgjöld vegna endurnýjunar varnargirðingar sem ekki var lengur umflúið að bæta úr. Því miður hefur ekki náðst nægur skilningur hjá fjárveitingavaldinu vegna endurnýjunar nokkurra helstu girðinga sem treyst er á til varnar því að smitsjúkdómar berist milli varnarhólfa. Á árinu var haldið áfram evrópsku rannsóknarverkfefni FATEPRIDE sem styrkt er af Evrópusambandinu. Styrkur sem koma átti á árinu er þegar þetta er skrifað enn ókominn og mun því hafa hafa áhrif á endanlega niðurstöðu ársins 2004.

Hér er birtur ársreikningur ársins 2003 þar sem reikningur ársins 2004 liggur ekki fyrir við útgáfu ársskýrslunnar. Eins og fram kemur í ársreikningi er rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 3,5 mkr. Rétt er þó að geta þess að tekjur af innflutningi gæludýra á árinu 2003 voru 1,5 mkr. Þær tekjur voru færðar til tekna hjá ríkissjóði en ekki hjá embættinu en nú hefur tekist að fá þetta leiðrétt á árinu 2004. Einnig var embættinu gert að greiða 2,1 mkr. vegna gamals uppgjors vegna einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey. Því er niðurstaða ársins 3,5 mkr. halli. Að teknu tilliti til ofangreindra skýringa er það álit embættisins að niðurstaða ársins hafi verið í jafnvægi.

REKSTARREIKNINGUR 2003

Tekjur

Sértekjur	21.658
Aðrar rekstrartekjur	109.113
Tekjur samtals	130.771

Almennur rekstur

Yfirdýralæknir	42.181
Sérgreinadýralæknar	38.383
Héraðsdýralæknar	179.594
Rannsóknadeild	27.531
Varnargirðingar	25.780
Eftirlit	931
Heilbrigðiseftirlit sláturafurða	72.971
Viðhald húsnæðis	2.314
Gjöld samtals	389.685

Tekjur umfram gjöld	-264.461
Framlag úr ríkissjóði	260.900
Hagnaður/Tap ársins	-3.561